



SKOÐUN Útgerðarmenn þurfa að átta sig á því að þeir eru ekki Ísraelsmenn, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Stella Eiríksdóttir ræktar ýmislegt og sáði blómum fyrir ferminguna sína. **26**



SPORT Golfklúbbur Reykjavíkur vann báða titlana á Íslandsmótinu í holu-keppni. **22**

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ

ASUS
FULLKOMINN
FERÐAFÉLAGI
59.990



tl.is
**TÖLVU
LISTINN**

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

24. júní 2013
146. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Á bretti kringum landið

Tveir ævintýramenn frá Ítalíu freista þess nú að fara hringinn í kringum landið á hjólabrettum. Þeir eru í kapphlaupi við tímann því þeir hafa bara mánuð til verksins. **2**

Fá áheyrn Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson fá áheyrn hjá Mannréttindadómstól Evrópu vegna skattamála þeirra. Íslenska ríkið þarf að svara kæru þeirra fyrir 26. september. **4**

Óskar eftir hæli Bandaríski upp-ljóstrarinn Edward Snowden hefur óskað eftir hæli í Ekvador. **6**

Flytibíll í stað einkabíls Starfsmenn Landsbankans geta fengið lánaðan „flytibíll“ til að skjótask frá. **8**



| | | | |
|----------------|-----|-----|---|
| Bolungarvík | 11° | SSV | 5 |
| Akureyri | 15° | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 6° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SSV | 5 |
| Reykjavík | 13° | SA | 6 |

Hljást austanlands Búast má við suðlægum áttum í dag, það verður léttskýjað SA- og A- til en fremur skýjað vestanlands og væta á stöku stað. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



HALDIÐ UPPI Á AFMÆLIÐ Skrúð- og skemmtigarðurinn Hellisgerði í Hafnarfirði er nítíu ára um þessar mundir og var haldið upp á þann áfanga í blíðskaparveðri í gær. Fjöldi fólks mætti á staðinn og fylgdist með fjölbreyttum skemmtiatriðum, en hefð er fyrir því að halda Jónsmessuskemmtun í garðinum.

Þrír nemar til sálfræðings á dag

Verkmenntaskólinn á Akureyri er eini framhaldsskólinn sem býður upp á sálfræðipjónustu. Mikil eftirspurn nemenda. Heilbrigðisráðherra segir brýnt að skoða hvernig verkefnið gafst áður en lengra er haldið.

HEILBRIGÐISMÁL Daglega sóttu þrír nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri þjónustu eina starfandi skólasálfræðingsins í framhaldsskóla á landinu. Enginn annar framhaldsskóli býður upp á sálfræðipjónustu fyrir nemendur sína.

Brynhildur Pétursdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, segir nauðsynlegt að skoða hvar þörf fyrir skólasálfræðinga sé mikil og finna fé til að koma sálfræðingum í fleiri skóla.

„Það á að finna peningana í þetta þar sem þetta sparar til lengri tíma. Svona forvarnir geta komið í veg fyrir að krakkar hætti í skóla eða verði alvarlega veikir. Öllum peningum sem eru notaðir til að grípa inn í á fyrri stigum er vel varið.“

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra bendir á að heilbrigðisþjónustan fjármagni ekki framhaldsskóla og því verði að taka ákvörðun innan hvers skóla fyrir sig hvort rekstrarféð skuli nýtt í sálfræðipjónustu.

Hann undirstrikar að það þurfi að gera mat eða rannsókn til að sjá hvernig þjónustan gafst í VMA. „Það er nauðsynlegt að greina þetta betur til að sjá hver árangurinn var,“ segir hann. Ef framhaldsskólar landsins leiti í framhaldinu eftir fé til að koma þjónustunni í fleiri skóla verði það skoðað þegar þar er kemur.

Hjalti Jónsson, sálfræðingurinn í VMA, segir þörf fyrir slíka þjónustu mikla, en hann var ráðinn í hálfá stöðu sem skilaði sér í



Brynhildur Pétursdóttir þingkona Bjartrar framtíðar

Svona forvarnir geta komið í veg fyrir að krakkar hætti í skóla eða verði alvarlega veikir.

þremur viðtölum á dag alla önnina auk hópmeðferðartíma. Rúmlega tíu prósent nemenda VMA nýttu sér þjónustuna, en hlutfallið var hærra meðal þeirra sem eiga lögheimili utan Akureyrar, eða 14 prósent. Níu prósent akureyrskra nemenda komu í viðtal til Hjalta.

„Þetta er sérstaklega nauðsynlegt fyrir framhaldsskóla sem sinna nemendum sem eru fjarri heimabyggð,“ segir hann. „Þetta færir þjónustuna skrefi nær krökkunum, gerir hana að minna tabúi og verður sýnilegri. Þetta leysir vandamálin í upphafi í stað þess að þau vindi upp á sig.“

Hjalti Jón Sveinsson, skóla-meistari VMA, segir þjónustuna komna til að vera þar sem svo augljós þörf sé fyrir hana meðal nemenda skólans.

Samkvæmt tölum frá nokkrum framhaldsskólum sem Fréttablaðið sagði frá í vor eru kvíði, þunglyndi og andleg veikindi nefnd sem ástæða brottfalls úr skóla í um níu prósentum tilfella.

Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð hefur nánast lokið störfum:

Skýrslan kynnt á næstu dögum

ALÞINGI Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð er svo gott sem tilbúin. Einingis lokafrágangur er eftir og Sigurður Hallur Stefánsson, formaður nefndarinnar, segir að boð á kynningarfund um skýrsluna verði að öllum líkindum sent út á næstu dögum.

Nefndin var skipuð í septemberbyrjun 2011 og var henni fengið það hlutverk að rannsaka starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum hans árið 2004 og til ársloka 2012. Enn fremur að meta áhrifin af breytingunum, stefnu sjóðsins og einstökum ákvörðunum á fjárhag sjóðsins og fasteignamarkaðinn og áhrif

starfsemi hans á stjórn efnahagsmála. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stefnt að því að umræða geti farið fram um niðurstöður skýrslunnar á Alþingi áður en sumarþingi lýkur í byrjun júlí. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lengd skýrslunnar talin í hundruðum blaðsíðna.

Nefndinni voru upphaflega ætlaðir sex mánuðir til starfans en hún hefur ítrekað fengið frest og hefur nú starfað í tæpa 22 mánuði.

Það sama er að segja um rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina, sem var skipuð á sama tíma. Skýrslu hennar verður skilað seinna, en á fundi með forsætisnefnd þingsins í febrúar greindi nefndarformaðurinn frá því að

2000

Búist er við að skýrsla sparisjóðanefndarinnar verði svipuð að vöxtum og skýrsla rannsóknarnefndar um bankana, eða um tvö þúsund síður.

nefndin þyrfti fjóra mánuði enn til að ljúka verkinu, eða til loka júní.

Skýrsla sparisjóðanefndarinnar verður nánast jafnlöng og sú um stóru bankana þrjá sem skilað var í apríl 2010. Prentuð útgáfa hennar var um tvö þúsund blaðsíður. -sh

60 ný kort í mælikvarðanum 1: 300 000 **2013 14. útgáfa**

Kortabók

www.forlagid.is

Ómissandi

SMJÖR

SPURNING DAGSINS



Kristín, var fullt Tunglkvöld í gærkvöldi?

„Já, það var troðfullt.“

Fyrsta Tunglkvöld bókaforlagins Tunglsins var haldið í Hljómskálunum í gær. Kristín Ómarsdóttir er höfundur annarrar af tveimur bókum forlagins.

Félagsráðgjafi segist þekkja nokkur dæmi um upplogið kynferðisofbeldi í forsjárdeilum:

Dæmi um upplognar sakir víða

BARNAVERND Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu, segir að falskar ábendingar um kynferðisofbeldi í forræðisdeilum komi reglulega upp hjá barnaverndaryfirvöldum. Fréttablaðið greindi frá einu slíku máli á laugardag.

„Því miður þá kemur það alltaf upp af og til,“ segir Steinunn. Hún bendir á að ekki ásaki móðir alltaf föður, heldur séu einnig dæmi um að feður ásaki mæður eða nýja stjúpfæður á heimili.

„Þetta gengur í báðar áttir,“ segir Steinunn. Hún segir miður að í erfiðum forsjárdeilumálum beri foreldrar ekki alltaf hag barna sinna fyrir brjósti. Hún segir jafnframt að sumar forsjárdeilur séu svo hatrammar að barnaverndin hafi þurft að grípa til þess að vista börn utan heimilis, þar sem þeim er ekki vært hjá foreldrum vegna deilna.

„Þessi mál skemma fyrir þeim málum sem eru raunveruleg,“ segir Steinunn.

Spurð hvaða áhrif slíkt geti haft á börn segir hún það margþætt. „Svona deilur reyna alveg afskaplega mikið á börnin. Það er svo erfitt fyrir barnið að fá það stöðugt yfir sig að foreldrar séu að ásaka hvort annað. Jafnvel eru börnin yfirheyrð þegar þau koma heim frá hinu foreldrinu. Börnun þykir vænt um báða foreldra sína og vilja að sjálfsgöðu vera hjá þeim báðum. Það er mjög meiðandi fyrir þau að þurfa að hlusta á ásakanir um foreldri sitt.“ - hv/mlþ

Fjölmenn útskriftarathöfn: HÍ brautskráði 1.900 kandiðata

MENNTUN Tæplega nítján hundruð manns brautskráðust frá Háskóla Íslands á laugardag.

1.257 manns fengu afhent prófskrifteini að loknu grunnnámi og 602 að loknu framhaldsnámi. Langflestir luku námi frá félagsvísindasviði, eða 631 kandiðat. Fæstir luku námi frá hugvísindasviði, 209.

Í febrúar síðastliðnum voru 466 kandiðatar brautskráðir frá skólunum og eru útskrifaðir kandiðatar á árinu því orðnir 2307. - þeb



BÖRN MÓTMÆLA Þessi börn tóku þátt í mótmælunum í Rio de Janeiro í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

Brasilíumenn héldu áfram að mótmæla um helgina:

Þrjár fjórðu styðja mótmælin

BRASILÍA, AP Mótmælin í Brasilíu héldu áfram í gær en voru nokkuð rólegri en undanfarna daga. Samkvæmt brasilískri könnun á landsvísu höfðu mótmæli af einhverju tagi verið haldin í 438 sýslum í Brasilíu síðan þau hófust í Sao Paulo. Hámarkið náðist á fimmtudaginn þegar ein milljón mótmælenda flyktist út á götur landsins. Lítil sem engin átök voru í kringum mótmælin um helgina.

Í nýlegri skoðanakönnun kom fram að 75 prósent Brasilíumanna styðja mótmælin. Könnunin var framkvæmd af tímaritinu Epoca og voru 1.008 manneskjur í úrtakinu. - fb

Gassprenging í Holtahverfi: Ungi maðurinn úr lífshættu

LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem lenti í gassprengingu á heimili sínu í Holtahverfi aðfaranótt sunnudags er kominn úr lífshættu. Maðurinn hafði sjálfur átt við gaskút með fyrrgreindum afleiðingum og var hann fluttur mikið særður á slysideild.

Sprengingin olli miklu tjóni en þó urðu ekki fleiri slys á fólki. Kallað var eftir slökkviliði vegna elds sem kviknaði og gekk slökkvistarfið vel fyrir sig.

Lögregla rannsakar nú tildrög slyssins. - mlþ

Ráðherra á Vestfjörðum:

Dýrafjarðargöng á áætlun

SAMGÖNGUR Ráðist verður í Dýrafjarðargöng eftir þrjú ár að sögn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra.

„Þau eru á áætlun 2016, við hljótum að miða við það,“ segir Hanna Birna.

Hanna Birna segir að uppbygging vegakerfisins á Vestfjörðum verði áfram forgangsmál, en hún hefur ferðast þar um síðustu daga og kynnt sér framkvæmdir. Hún talaði meðal annars á málþingi á Tálknafirði fyrir helgi, sem á annað hundruð manns mættu á. - þeb

Hringinn í kringum Ísland á hjólabrettum

Tveir ævintýramenn frá bænum Casale Monferrato á Ítalíu ferðast þessa dagana hringinn í kringum Ísland á hjólabrettum. Þeir hafa einn mánuð til að ljúka ætlunarverkinu. Eftir þann tíma verður farareyririnn upp urinn.

FERÐAMENNSKA Ítölsku ævintýramennirnir Ottavio Calabrese og Matteo Cappa ætla að fara hringinn í kringum Ísland á hjólabrettum. Blaðamaður náði tali af Calabrese á Suðurlandi, skammt frá Seljalandsfossi, þar sem hann var á fleygiferð á brettinu sínu.

„Mér var sagt frá þessum vegi sem liggur í kringum eyjuna. Mig hafði alltaf langað til að skoða Ísland þannig að ég hugsaði með mér: Hvers vegna ekki?“ sagði Calabrese glaðbeittur.

Hann reiknaði út á Google Earth að það tæki 26 daga að fara hringinn en þegar hingað var komið áttíð hann sig á að það gæti tekið lengri tíma. „Kannski eru 26 dagar ekki nóg en við höfum mánuð. Eftir það eru peningarnir frá styrktaraðilunum búnir.“

Hinn 28 ára Calabrese fór fyrst í langferð á hjólabretti fyrir tveimur árum, frá heimabæ sínum Casale Monferrato í gegnum Frakkland og til San Sebastian á Spáni, um þúsund kílómetra leið. Hringleiðin um Ísland er um 1380 kílómetrar.

Ísland er fyrsta landið utan meginlands Evrópu sem hann heim-sækir. „Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér? Kannski fer ég til Marokkó eða Suður-Ameríku,“ sagði hann um framhaldið.

Uppátæki Calabrese og Cappa er ekki hættulaust enda er umferðin oft mikil. „Jú, þetta er dálítið hættulegt því þjóðvegurinn hér er þröngur. Í Frakklandi er neyðar-akrein þar sem ég gat verið en ef umferðin er mikil tek ég brettið bara upp og held á því,“ sagði hann og rauk af stað á brettinu, enda í miklu kapphlaupi við tímenn. freyr@frettabladid.is



Á HJÓLABRETTINU Ottavio Calabrese glaðbeittur á hjólabrettinu sínu á Suðurlandi. MYND/SIGURBJÖRG ÓSK H. SIGURDARDÓTTIR

→ Jú, þetta er dálítið hættulegt því þjóðvegurinn hér er þröngur.

Slæmt veður tafði hjálparstarf í ríkinu Uttarakhand á Indlandi:

Um 6.500 manns hafa farist

INDLAND, AP Að minnsta kosti 6.500 manns hafa farist af völdum flóða og aurskriða í ríkinu Uttarakhand í norðurhluta Indlands. Vegna slæms veðurs gekk erfiðlega að flytja íbúa í burtu frá hættusvæðinu í gær.

Þyrlur hersins voru notaðar til að flytja fólk í burtu þegar veður var hagstætt og náðist að flytja meira en tvö þúsund manns í öruggt skjól. Enn eru þúsundir manna strandaglópar uppi í fjöllum í bænum Badrinath og björgunarstarfsmenn unnu í því að koma þeim í burtu.

Að sögn Nancy J. Powell, sendiherra Bandaríkjanna í Indlandi, hefur Bandaríkjastjórn ákveðið að veita 150 þúsund dali í hjálparstarfið.

Hundruð þúsunda hindúa fara í pílgrimsferðir til Uttarakhand á hverju sumri til að heimsækja fjóra af helgustu stöðum hindúatrúar. Venjulega ferðast þeir þangað áður en monsúnrigningin gengur yfir í júlí en á þessu ári var rigningin fyrr á ferðinni. - fb



YFIR STRAUMPUNGRI Á Indverskur maður hangir í reipi yfir straumpungri ári í bænum Govindghat. NORDICPHOTOS/GETTY

Heyrðu mig nú!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELÐRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS

2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI

VEIÐIVESTI

FRÁ 1.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ 299,-

ÓDÝRT!



SPÚNAR

Frábært úrval.



ÓDÝRT!

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ 14.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS 12.995,-

ÓDÝRT!

DAM TASLAN VÖÐLUR



AÐEINS 16.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR



VERÐ FRÁ 4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUHJÓL

Gott úrval.

Ísland er landið þar sem við getum fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

þú getur fengið flest tilboð og eldri

VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR



20% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ

VEIÐISTANGASETT
Mikið úrval. 20% afsláttur.



VERÐ FRÁ 1.995,-

ÓDÝRT!

VEIÐITÖSKUR
- á góðu verði



VERÐ FRÁ 2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

KASTHJÓL
- í miklu úrvali.



AÐEINS 9.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR



VERÐ FRÁ 8.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.



ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR

30 TIL 50% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS 3.895,-

ÓDÝRT!

VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.



FRÁ 4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ


KASTSTANGIR
Mikið úrval!



LÆKKAÐ VERÐ

FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI


Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ 895,-

ÓDÝRT!

LETINGJAR



KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

SJÁÐU TILBOÐIN Á



SVONA ERUM VIÐ



57 fréttablöð og önnur blöð voru gefin út hér á landi árið 2009.

Árið 2008 voru þau hins vegar 130 og 157 árið 2007.

26 ára kona hefur verið handtekin í spænsku borginni Alicante: Barn fannst í skólpröri á Spáni

MADRID, AP 26 ára kona hefur verið handtekin í borginni Alicante á Spáni grunuð um að hafa reynt að myrða nýfætt barn sitt. Því hafði verið bjargað úr skólprörum byggingarinnar.

Um var að ræða tveggja daga gamlan dreng og var naflastrengurinn enn fastur við hann. Hann hafði verið vafinn í plastpoka og talið er að hann hafi verið fastur í skólprörunum í um 40 klukkustundir.

Það var nágranni sem lét slökkviliðsmenn vita aðfaranótt sunn-

dags. Hann hélt fyrst að mjálmandi köttur væri fastur í skólprörunum. Drengurinn, sem vó 2,1 kíló, er sagður vera í slæmu ásigkomulagi en ekki í lífshættu.

Móðir drengsins sagði þegar hún var flutt á sjúkrahús að hún hefði ætlað að fara í fóstureyðingu en hafi ekki haft ekki efni á því.

Í síðasta mánuði drógu björgun- arstarfsmenn í austurhluta Kína nýfætt barn út úr skólpröri eftir að móðir þess hafði fætt barnið án þess að láta nokkurn mann vita. - fb



ALICANTE Konan var handtekin í borginni Alicante á Spáni.

Stærsta ráðstefnan: Tannlæknar fjölmenna í Hörpu

FÓLK Evrópusamtök tannréttinga- sérfræðinga halda ráðstefnu í Hörpu í vikunni.

Ráðstefnan er jafnframt ársþing samtakanna, og er stærsta ráðstefnan sem haldin hefur verið í Hörpu frá opnun hennar. Tæplega 2.300 þátttakendur frá yfir 70 löndum eru skráðir á ráðstefnunna. Samhliða ráðstefnunni verður sýning haldin á veggspjöldum. Undirbúningur ráðstefnunnar hefur staðið yfir í fimm ár. - þeb

Nelson Mandela er veikur: Heilsu Mandela hrakaði í gær

JÓHANNESARBOURG, AP Heilsu Nelsons Mandela, fyrrverandi forseta Suður-Afríku, hefur hrakað.

Í gærkvöldi gaf forsetaembætti landsins út yfirlýsingu þar sem ástand hans var sagt alvarlegt. Forseti Suður-Afríku, Jakob Zuma, heimsótti Mandela í gær og hafði út heilsu hans þá hrakað síðustu 24 klukkustundirnar. Að sögn Zuma gerði læknaárið allt sem það mögulega gat til að bæta líðan hans.

Á föstudaginn stóðu vonir um að hinn 94 ára Mandela fengi að fara heim eftir að hafa verið tvær vikur á sjúkrahúsi. Mandela, sem verður 95 ára 18. júlí, var fluttur á sjúkrahús 8. júní vegna lungnasýkingar. - fb



NELSON MANDELA



Á SUNDI Uppátækið vakti undrun vegfarenda

Kann vel að meta kuldann:

Kona synti í Jökulsárlóni

ÚTIVIST Kanadískur ferðamaður gerði sér lítið fyrir og synti í Jökulsárlóninu í nokkrar mínútur í gær. Nokkuð kalt var á svæðinu og mátti sjá mikla undrun á meðal kappklæddra vegfarenda við lónið vegna uppátækisins. Sjónarvottur segir að konan hafi ekki einu sinni skolfið við komuna upp úr, sagðist þaulvön og elska kuldann. Á meðan á sundinu stóð mátti sjá miklar sviptingar í ísjökum lónsins en konan virtist ekki láta það á sig fá. - mlþ

Reykjavík býður út akstur fatlaðra:

Vill myndavélaeftirlit í bílana

FÉLAGSMÁL Grétar Pétur Geirsson, formaður Sjálfsbjargar, segir mikilvægt að þjónustuaðilar sem sinni akstri fatlaðra hafi eftirlitsmyndavélar í bílum sínum. Þetta kom fram á vef RÚV í gærkvöld.

Reykjavíkurborg hyggst bjóða út ferðaþjónustu fatlaðra á næstu mánuðum. Þá munu eingöngu einkaaðilar sinna akstrinum.

Grétar Pétur segir að dæmi bílstjórans hjá Smartbílum sem grunaður er um að hafa nauðgað fatlaðri konu og áreitt annan farþega, sýna fram á mikilvægi eftirlits. Hann segir að slíkt eftirlitskerfi geti líka verndað bílstjórana. - mlþ

MDE tekur skattamál Baugs til meðferðar

Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson fá áheyrn Mannréttindadómstóls Evrópu vegna skattamáls þeirra. Íslenska ríkið þarf að svara kærnu þeirra fyrir 26. september. Niðurstaðan gæti haft víðtæk áhrif, segir verjandi Jóns Ásgeirs.

Tugmilljóna sektir og skilorð vegna tafa

Hæstiréttur dæmdi Jón Ásgeir í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi, Tryggva á átján mánaða skilorð og Kristínu á þriggja mánaða skilorð. Þá var Jón Ásgeir auk þess sektaður um 62 milljónir og Tryggvi um 32. Jón Ásgeir var sakfelldur fyrir að telja ekki fram eigin alls kyns tekjur sem hann hafði meðal annars af kaupréttarsamningum og sölu hlutabréfa, samtals að upphæð 172 milljónir, og að telja ekki fram 19,4 milljónir af launatekjum starfsmanna Baugs. Tryggvi taldi ekki fram tæpar 29 milljónir af eigin tekjum og átta milljónir af launum starfsmanna Baugs. Kristín vantaldi 916 milljónir af tekjum Gaums. Alls höfðu þau með þessu tæpar 50 milljónir af ríkinu.

Í dómnum segir að refsing þeirra sé bundin skilorði vegna þess hversu mikill dráttur varð á málsmeðferðinni.

endanna hefði það „augljóslega viðtækar afleiðingar hér á landi“, enda séu fyrir dómstólum tugir skattamála þar sem hinum ákærðu hafi þegar verið refsað af stjórnvöldum.

„Vart er skynsamlegt að halda þessum málum áfram þegar fyrir liggur að Mannréttindadómstóllinn hefur tekið til meðferðar mál sem varðar íslenska refsikerfið í skattamálum,“ segir Gestur. Verði niðurstaðan sú að

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur ákveðið að taka til meðferðar skattamál ákærvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Kristínu Jóhannessdóttur og Tryggva Jónssyni, sem Hæstiréttur dæmdi öll í skilorðsbundið fangelsi í febrúar fyrir skattalagabrot í rekstri Baugs og fjárfestingafélagsins Gaums.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, sendi fjölmiðlum í gærkvöldi.

Jón Ásgeir og Tryggvi, auk fjárfestingafélagsins Gaums, sendu MDE kærnu vegna dómsins þar sem þeir töldu að með honum hefði verið brotið á meginreglunni um bann við endurtekinni málsmeðferð, enda hefðu skattayfirvöld mörgum árum fyrr beitt þá sektum vegna sömu skattalagabrota og þeir voru dæmdir til refsingar fyrir.

MDE hefur nú sent ríkisstjórn Íslands bréf þar sem íslenskum stjórnvöldum er gefinn kostur á að setja fram athugasemdir við efni kærunnar og taka afstöðu til þess hvort þau telji málsmeðferðina hafa samrýmst reglunni um bann við tvöfaldri refsimeðferð. Stjórnvöld hafa til 26. september til að svara bréfinu.

Í tilkynningu sinni segir Gestur að ef MDE fallist á kröfur kær-



GESTUR JÓNSSON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

TRYGGVI JÓNSSON

það kerfi sé andstætt mannréttindasáttmála Evrópu megi ríkið búast við kröfum um endurupp- töku fjölda mála, endurgreiðslur og skaðabætur.

sigur@frettabladid.is

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

BEST A- OG NA-LANDS Næstu daga ríkja suðlægur áttir að mestu, tíðindalítið í dag og á morgun en á miðvikudaginn kemur lægð upp að landinu og búast má við töluverðri rigningu um tíma sunnan- og vestanlands.

| | | | | | |
|--------------|---------------|---------------------|----------------|--------------|-------------------|
| Alicante 25° | Berlín 21° | Friedrichshafen 16° | Las Palmas 25° | New York 29° | París 19° |
| Apena 34° | Billund 18° | Gautaborg 19° | London 16° | Orlando 30° | San Francisco 17° |
| Basel 24° | Frankfurt 17° | Kaupmannahöfn 19° | Mallorca 27° | Ósló 18° | Stokkhólmur 22° |

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

Karlstad
273.493,-

Útsöluverð á við um skápa, sökkla, og skápainnvals með 30% afslætti. Vaskur, borðplata, blöndunartæki, heimilistæki og ljós fylgja ekki.

30%

Útsala á 5 eldhúslínum

Kvik fagnar 30 árum með útsölu á 5 flottum eldhúslínum*.

Nú er bara að grípa tækifærið og kíkja í heimsókn, njóta aðstoðar hönnuða okkar frá hugmynd að veruleika og fá 30% afslátt í leiðinni
...áður en lagerinn tæmist.

Kvik Reykjavík: Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

*Gildir við kaup á BASIQ eldhúsinnréttingu þ.m.t. framhliðar, skápainnvals og sökkla. Borðplata, vaskur, blöndunartæki, heimilistæki, uppsetning og sendingarkostnaður er ekki hluti af tilboðinu. Gildir á meðan birgðir endast.

kvik 
...smart in Danish

VEISTU SVARIÐ?



- Frá hvaða landi er Tonny Mawejje sem spilar með ÍBV?
- Hvað heitir nýtt bókaforlag sem hélt viðburð í Hljómskálanum í gærkvöldi?
- Hvers konar alþjóðlegar sýningar dæmir Marteinn Tausen, framkvæmdastjóri Hverfisgallerís?

SVÖR:

1. Úganda 2. Tunglið 3. Kattarættarstærn

Jónas Sigurðsson, Lára Rúnarsdóttir og Mugison sigla í kringum landið á bátnum Húna II: Áhöfnin á Húna með sextán tónleika

TÓNLIST Húni II siglir í kringum landið í júlí og Áhöfnin ætlar að rokka í hverri höfn. Áhöfnin er hljómsveit skipuð tónlistarmönnum Jónasi Sigurðssyni, Láru Rúnarsdóttur, Mugison, Ómari Guðjónssyni, Guðna Finnssyni og Arnari Gíslasyni.

Hugmyndin um að sigla hringinn í sumar og halda tónleika í hverri höfn kviknaði í vetur í samtölum tónlistarmannanna og Jóns Þórs Þorleifssonar. Strax var ákveðið að ferðin yrði ekki farin í gróðaskyni heldur var Slysavarnarfélaginu Landsbjörg boðið að selja inn á tónleikana og safna peningum í starfsemi sína. Þannig heldur

hver og ein björgunarsveit sína tónleika og rennur aðgangseyririnn beint í þeirra sjóði.

Síðar var RÚV boðin aðkoma að verkefninu og hefur verið ákveðið að fylgja túrnum eftir með sjónvarps- og útvarpsþáttagerð í allt sumar. Það eru Margrét Blöndal og Felix Bergsson sem leiða það verkefni.

Húni II er fimmtíu ára gamall eikar-bátur, smíaður í skipasmíðastöð KEA á Akureyri. Margir þekkja þennan bát sem gjarnan liggur við Torfunesbryggju í miðbæ Akureyrar. Hann hefur aldrei áður gegnt hlutverki rokkbáts.



ÁHÖFNIN Á HÚNA Áhöfnin á Húna ætlar að sigla í kringum landið í sumar og skemmta í hverri höfn.

Næstu tónleikar Áhafnarinnar

3. júlí Húsavík
4. júlí Borgarfjörður eystri
5. júlí Reyðarfjörður
6. júlí Höfn í Hornafirði
7. júlí Vestmannaeyjar
9. júlí Þorlákshöfn
10. júlí Keflavík
11. júlí Reykjavík
12. júlí Stykkishólmur
13. júlí Flatey
14. júlí Patreksfjörður
15. júlí Ísafjörður
17. júlí Hólmavík
18. júlí Sauðárkrúkur



NAGA PARBAT Níu erlendir ferðamenn voru drepnir í grunnbúðum fjallsins.

MYND/AF

Talíbanar skæðir í Pakistan:

Drápu níu ferðamenn

PAKISTAN Íslamskir vígamenn klæddir lögreglubúningum skutu níu erlenda ferðamenn og einn Pakistana til bana aðfaranótt sunnudags. Morðin áttu sér stað í grunnbúðum Nanga Parbat, sem er níunda hæsta fjall heimsins. Fimm af látnu erlendu ferðamönnum voru Úkraínumenn, þrír Kínverjar og einn Rússi. Einn kínverskur ferðamaður særðist í árásinni.

Talíbanar hafa lýst árásinni á hendur sér og segja hana hefnd fyrir Waliur Rehman, háttsettan talíbana í Pakistan, sem féll í árás Bandaríkjamanna í maí.

Björgunarsveitir í ströngu: Sóttu vélarvana skútu í Eyjum

BJÖRGUN Vél bilaði í skútu við Faxasker nærri Vestmannaeyjum um eittleytið í fyrrinótt. Björgunarbáturinn Þór dró skútuna að landi. Engan sakaði og björgunaraðgerðirnar gengu vel, enda var veður mjög gott.

Þá hefur nokkuð borið á því undanfarna sólarhringa að erlendir ferðamenn hafi þurft hjálp björgunarsveita, eftir að hafa fest bíla sína á vegaslóðum. Að minnsta kosti þrjár björgunarsveitir hafa sinnt útköllum vegna þessa um helgina.



BEIÐ Á FLUGVELLINUM Sendiherra Ekvadors í Rússlandi var fyrir utan flugvöllinn í Moskvu í gær. - NORDICPHOTOS/AFP

Snowden vill til Ekvador

Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefur óskað eftir hæli í Ekvador. Hann flaug til Moskvu í gær og fer þaðan til Ekvador í gegnum Kúbu, að sögn fjölmiðla. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa ógilt vegabréf hans.

EKVADOR Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefur óskað eftir pólitísku hæli í Ekvador og því ljóst að hann er ekki á leið til Íslands. Hann flúði frá Hong Kong til Moskvu í gær, þaðan sem hann heldur til Ekvador.

Snowden lenti í Moskvu í Rússlandi um klukkan eitt í gær að íslenskum tíma en hann flaug þangað frá Hong Kong með farþegaflugvél. Starfsmenn sendiráðs Ekvadors í Moskvu biðu hans á flugvellinum. Síðdegis var svo greint frá því að hann hefði óskað eftir að fá pólitísku hæli í Ekvador en uppljóstrarasamtökin WikiLeaks hafa verið honum innan handar.

„Það er búið að tryggja það að umsókn hans um pólitísku hæli verður móttækin og ferluð af góðum vilja og hug,“ segir Kristinn Hrafnsson talsmaður Wikileaks.

Erlendir fréttamiðlar greina frá því að Snowden eigi bókað flug í dag til Havana á Kúbu og fari svo þaðan til Ekvador.

„Wikileaks hefur náttúrulega sérstök tengsl við Ekvador af augljósum ástæðum þar sem að Julians Assange er í sendiráði Ekvadors í London. Ég var að koma sjálfur frá Ekvador,“ segir Kristinn.

Snowden flúði frá Hong Kong

eftir að bandarísk stjórnvöld gáfu út ákæru á hendur honum fyrir njósnir og þjófnað á eignum ríkisins. Þau óskuðu eftir því að stjórnvöld í Hong Kong myndu handtaka hann. Snowden hafði farið þar huldu höfði síðan að hann ljóstraði upp um stórfellt eftirlit bandarískra stjórnvalda með síma- og netnotkun fjölda fólks. Stjórnvöld í Hong Kong leyfðu hins vegar Snowden að fara til Moskvu þar sem þau töldu sig ekki geta haldið honum fongum á grundvelli eigin laga. Þá hafa bandarísk stjórnvöld ógilt vegabréf hans. Kristinn á von á að hann komist á áfangastað án vandræða.

„Það er búið að tryggja það að umsókn hans um pólitísku hæli verður móttækin og ferluð af góðum vilja og hug“

Kristinn Hrafnsson talsmaður Wikileaks

„Ég reikna ekki með að það verði nein vandamál fyrir hann í Moskvu enda hafa stjórnvöld þar gefið það svo sem í skyn að þau myndu taka af velvilja jafnvel í hans óskum um hæli þar í landi,“ segir Kristinn Hrafnsson.

lv@365.is

Maryland kókoskex

- meiriháttar í ferðanestið

Einn góðan veðurdag verður herbergið of lítið

50%
afsláttur af
lántökugjöldum*
og frítt
greiðslumat

Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Það kemur að því að þig langar að flytja að heiman. Hjá Íslandsbanka bjóðum við húsnæðissparnað fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina.

Þú getur valið um tvo góða kosti, **verðtryggðan** sparnað sem hentar vel fyrir langtímasparnað eða **óverðtryggðan** sem hentar vel ef stefnt er á íbúðarkaup í náginni framtíð. Þegar komið er að húsnæðis kaupunum færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum*** hjá Íslandsbanka.

Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og fríu greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út binditíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.

Verðtryggður sparnaður

2,10%
vextir*

Hentugur
sparnaðartími
3 ár +

Óverðtryggður sparnaður

4,50%
vextir*

Hentugur
sparnaðartími
1,5 ár +

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

KRONAN

GOTT Á GRILLIÐ!



25% afsláttur



699 kr. kg

Verð áður ~~949~~ kr. kg

Holta kjúklingaleggir í texaskryddlegi

15% afsláttur



398 kr. pk.

Verð áður ~~485~~ kr. pk.

Ungnautahamborgarar, 2 x 120 g

2 í pk.

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi.

Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartanson gerir það gott í listaheiminum: Ragnar á lista með þeim bestu

MENNING Einn af sérfræðingum Artspace, sem er rafrænn markaður með nútímalist, telur Ragnar Kjartanson, með þrjátíu bestu listamönnum sem eru með verk á listakaupstefnunni í Basel í Sviss, stærstu kaupstefnu með nútímalist í heiminum.

Á listanum með Ragnari eru Andy Warhol, Mark Rothko, Alexander Calder, Dan Flavin, Richard Prince, Roy Lichtenstein að ógleymdum sjálfum Pablo Picasso. Verk eftir alla þessa

listamenn seljast á milljónir dollara, sum á tugi milljóna dollara. Nú er spurningin: mun Ragnar ná að fylla þennan flokk? Ragnar Kjartanson hefur þegar náð góðum árangri á alþjóðavísu, en Fréttablaðið greindi frá því á dögnum að



RAGNAR KJARTANSSON

ítalskur safnari hefði keypt eftir hann verk á tæpar 30 milljónir. Ragnar Kjartanson er á mála hjá íslenska galleríinu i8. Hann er fjölhæfur listamaður og leggur meðal annars stund á svokallaða gjörningalist samhliða gerð vídeóverka, teikninga, og annarra verka.

Um þessar mundir er verk eftir Ragnar Kjartanson, S.S. Hangover, til sýnis á Feneyjavíðeringnum.

- ósk

Hjóla í vinnuna og fá flýtibíl í snattið

Starfsmenn Landsbankans geta í dag valið milli þess að koma á einkabíl í vinnuna eða fá lánaðan svokallaðan flýtibíl. Verkefnið hefur verið lengi í bígerð og vonast aðstandendur til þess fleiri fyrirtæki taki upp á að bjóða starfsfólki slíka þjónustu.

SAMGÖNGUR Starfsmönnum Landsbankans gefast frá og með deginum í dag kostur á að fá lánaðan bíl til styttri eða lengri tíma og draga þannig úr notkun einkabílsins.

Verkefnið gengur undir nafninu Flýtibílar og er hluti af samgöngusamningi Landsbankans sem 360 starfsmenn hafa samþykkt. Finnur Sveinsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum, segir samgöngusamninginn fela í sér hvatningu til starfsmanna um að nota vistvænar samgöngur, það er að nota allan annan ferðamáta en einkabílinn.

„Það kemur oft upp í umræðunni að fólk komi á bíl í vinnuna vegna þess að það gæti þurft að skreppa eða hreinlega bara af því að það eigi hvort sem er bíl. Við bjóðum okkar starfsmönnum að nota frekar almenningssamgöngur þegar þeir geta og bílinn bara þegar þeir verða,“ segir Finnur.

Hann segir samgöngusamninginn einnig hugsaðan sem kjarabót þar sem þetta geti orðið til þess að fólk getur losað sig við annan heimilisbílinn.

Þá kveðst Finnur vona að fleiri fyrirtæki taki þetta upp, þrátt fyrir að Landsbankinn hafi átt frumkvæði að verkefninu, og jafnvel að bílaleigufyrirtæki taki upp á því að bjóða upp á þjónustuna á almennum markaði.

Verkefnið Flýtibílar er unnið í samstarfi við bílaleiguna Höldur. Pálmi Viðar Snorrason hjá Höldi segist spenntur fyrir verkefninu.

„Það eru þrjár leiðir fyrir fólk til þess að bóka bíl. Í fyrsta lagi á netinu á sérstakri flýtibílasíðu, í öðru lagi í gegnum síma og síðan getur fólk sent tölvupóst.“ segir Pálmi Viðar.

Þegar starfsmenn hafa pantað bílinn fá þeir hann afhentan á tilsettum tíma hvar sem þeir kjósa. Ef



SPENNANDI VERKEFNI Pálmi Viðar Snorrason, starfsmaður bílaleigunnar Höldur Akureyri, segir koma til greina að færa verkefnið yfir á almennan markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Valmöguleikum fjölgar

„Smábíll kostar 3 milljónir í innkaupum. Kostnaður við að reka hann er 1,2-1,3 milljónir á ári. Af þeim kostnaði eru um það bil 800 þúsund krónur fastur kostnaður. Þar sem breytilegur kostnaður er svo lítil fer fólk að nota bílinn svo mikið af því að það er búið að kaupa hann. En með tilkomu flýtibíla ferðu að velja því fyrir þér hvað hver ferð kostar og þá ferðu að sjá valmöguleika. Þú ferð að hugsa um hvað það er sem þú vilt raunverulega gera við peninginn þinn. Þú hefur val vegna þess að peningurinn er ekki fastur í bílnum.“

Finnur Sveinsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum



Pálmi segir það koma vel til greina að færa verkefnið yfir á almennan markað. „Okkur langar að sjá hvernig þetta þróast áður en við tökum þetta yfir á næsta level. Vonandi verður þetta framtíðin í bænum.“

nannae@365.is

Leiða rigningarvatn frá aðalbyggingu Háskóla Íslands niður í Vatnsmýri:

Nýstárlegar framkvæmdir við HÍ

SKIPULAGSMÁL Óvanalegar framkvæmdir standa nú yfir fyrir neðan Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Þar er verið að koma fyrir jarðvatnslögn sem mun leiða hreint frárennslisvatn frá Húsi íslenskra fræða vestan við Suðurgötu niður í Húsatjörn í friðlandinu norðan við Norræna húsið, segir á heimasíðu Háskóla Íslands.

Grunnvatnsstaðan undir Húsi íslenskra fræða er há og því var ákveðið að leiða rigningarvatnið niður í Húsatjörn. Þannig yrði vatnsbúskapurinn í Húsatjörn bættur í stað þess að leiða vatn frá byggingunni í holræsakerfi og þaðan út í sjó.

Hús íslenskra fræða er fyrsta byggingin á háskólalóðinni sem flokkast undir vistvænar byggingar. Það felur í sér að hönnun og rekstur hússins eru til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og stuðla frekar að umhverfisvænum lausnum. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í þessum mánuði.



UNNIÐ AÐ VERKINU Framkvæmdir standa yfir neðan við Aðalbyggingu HÍ.

ADSEND MYNDI/HÁSKÓLI ÍSLANDS

Eitt af markmiðum í sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands, sem samþykkt var í háskólaráði snemma á síðasta ári, er að nýbyggingar á lóðinni verði hannaðar á vistvænan hátt.

- ósk

Sjóðheitt Grilltilboð!



LÖNGUSTEIKUR

Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

KEILUSTEIKUR

Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

STEINBÍTSSTEIKUR

Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

ÞORSKSTEIKUR

Kryddmarineraðar

1.390 kr/kg

Tilboðið gildir alla vikuna

24. júní til og með 29. júní



HEIMURINN



Óslóarbúar á móti Ólympíuleikum

1 NOREGUR Nærri helmingur íbúa í Ósló er mótfallinn áformum borgaryfirvalda um að sækjast eftir því að halda vetrarólympíuleikana árið 2022.

Norska blaðið Klassekampen greindi frá þessu, en blaðið lét gera skoðanakönnun um málið í síðustu viku. Borgaryfirvöld segjast ætla að leyfa borgarbúum að kjósa um hvort sótt verður um eða ekki, en kosningin verður ekki bindandi.

Hótar að beita hervaldi

2 EGYPTALAND Varnarmálaráðherra Egyptalands hefur hótad því að beita hervaldi landsins á mótmælendur síðar í mánuðinum ef óeirðir brjótast út.



MOHAMMED MORSI

Skipulagðir hafa verið mótmælafundir gegn forsetanum Mohamed Morsi en nú er ár síðan hann tók við völdum í landinu. Abdel Fattah al-Sisi, varnarmálaráðherra, segist ætla að koma í veg fyrir innbyrðis deilur í landinu með því að beita hervaldi á mótmælendur.

Prettán látnir eftir að rúta hrapaði í gljúfur

3 SVARTFJALLALAND Talið er að minnst prettán séu látnir eftir að rútu var ekið út af brú og hún hrapaði niður í gljúfur í Svartfjallalandi í gær.

Talið er að fjölmargir til viðbótar hafi slasast í slysinu, sem varð um þrjátíu kílómetra norður af höfuðborg landsins.

Enn var óljóst í gærkvöldi hvort rútan var frá Rúmeníu eða Úkraínu, og ekki hafði verið gefið upp hvaðan hinir látnu voru.

Númeraflytningur fær verð: Fimm mínútur að flytja númer

FJARSKIPTI Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur lokið kostnaðargreiningu vegna flutnings símanúmera. Ný verðskrá tekur gildi 1. september næstkomandi.

Niðurstaða PFS er að án virðisaukaskatts skuli umsýslugjald verða 440 krónur á hverja beiðni fyrir stök númer og 8.750 krónur fyrir innvalsseríur. (Með VSK eru það rúmar 550 og 10.980 krónur). Gjaldið miðar við 5.470 króna tímagjald og að tæpar fimm mínútur taki að flytja eitt númer og 96 mínútur að flytja innvalsseríu. - óka

Nýtt tæki virkar vel:

Skref í átt að gerviskjaldkirtli

VÍSINDIAP Læknar segjast hafa stigið stórt skref í átt að þróun gerviskjaldkirtils með tæki sem fylgist stöðugt með blóðsykrinum í fólki með sykursýki.

Tækið dælir einnig insúlíni sjálfvirkt í líkamann þegar þörf er á því. Insúlínpumpan er forrituð þannig að hún slekkur á sér ef blóðsykurinn verður of lágur þegar fólk er sofandi. Þessi pumpa virkaði alveg eins og vonast hafði verið til í þriggja mánaða rannsókn á 247 sjúklingum. Enn á eftir að rannsaka betur hvort tækið geti hermt eftir alvöru skjaldkirtli. - fb

Betri skráning rafmagnsslysa eflir forvarnarstarf

Sjö létu lífið í rafmagnsslysum á Norðurlöndum árið 2001. Hér voru ekki banaslys árin 2003 til 2012. Alvarleg rafmagnsslys eru líka færri hér. Í nýrri skýrslu þar sem norræn lönd eru borin saman er kallað eftir betri skráningu.

IÐNAÐUR Ísland stendur mjög vel í samanburði við Norðurlöndin þegar kemur að alvarlegum rafmagnsslysum. Þetta er meðal þess sem lesa má úr mastersverkefni finnskra konu að nafni Minna Kinnunen. Niðurstöður rannsóknar hennar voru birtar samtímis hjá öllum norrænu stofnunum sem annast rafmagnsöryggi.

Samkvæmt upplýsingum frá Mannvirkjastofnun hefur ekki orðið hér banaslys af völdum rafmagns síðan fyrir 2003. Í skýrslu Kinnunen kemur fram að árið 2011 hafi sjö lást í rafmagnsslysum á Norðurlöndum. Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, segir stöðu mála hafa verið rædda á norrænum rafmagnsöryggisfundum í Stokkhólmi fyrir hálfum mánuði. „Við á Íslandi eru með færri banaslys og færri slys yfirleitt heldur en hin löndin,“ segir hann. Ein af niðurstöðunum sem Minna Kinnunen kemst að í verkefni sínu er þó að í löndunum öllum þurfi að standa betur að skráningu á rafmagnsslysum. En hún rannsakaði hvers konar slys verða á Norðurlöndum og hvernig hægt væri að koma í

veg fyrir að þau ættu sér stað. Að auki greindi hún sérstök vandamál á sviði rafmagnsöryggis, nýjar áhættur, góða starfshætti í greininni og leitaðist við að finna nýjar leiðir sem stuðla að eflingu rafmagnsöryggis á Norðurlöndunum.

„Upplýsingar sem safnað er um rafmagnsslys mætti nýta betur í slysavörnum í norrænu löndunum. Yfirvöld rafmagnsöryggismála gætu til dæmis tekið höndum saman um að skipuleggja kynningarherferðir til þess að koma í veg fyrir slík slys,“ segir hún.

Jóhann Ólafsson, yfirmaður á rafmagnsöryggiseild Mannvirkjastofnunar, tekur jafnframt undir að standa þurfi betur að söfnun upplýsinga um slys af völdum rafmagns og eins þegar liggur við slysi. Mikilvægt sé að reyna að læra af slíkum atvikum.

„Rafverktakar hafa ekki verið duglegir að upplýsa um smærri slys,“ segir hann. Upplýsingar um alvarlegri slys berist stofnuninni hins vegar frá heilbrigðisyfirvöldum, lögreglu og eftir fleiri leiðum. „Hér urðu til dæmis bara tvö slík



Í HESTAFERÐ Norrænu stofnanirnar sem sjá um rafmagnsöryggi eru Elsäkerhetsverket (Svíþjóð), Sikkerhedsstyrelsen (Danmörk), Tukes (Finnland), DSB (Noregur), Grønlands Elmyndighed (Grænland), Elnevndin (Færeyjar), Ålands Landskapsregering (Ålandseyjar) og Mannvirkjastofnun hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Banvæn rafmagnsslys á Norðurlöndum

| Ár | Svíþjóð | Danmörk | Finnland | Noregur |
|------|---------|---------|----------|---------|
| 2011 | 3 | 1 | 1 | 2 |
| 2010 | 6 | 1 | 3 | 0 |
| 2009 | 5 | 1 | 3 | 0 |
| 2008 | 6 | 1 | 0 | 1 |
| 2007 | 8 | 1 | 1 | 1 |

Heimild: Mastersverkefni Minna Kinnunen, „Electrical Accident Hazards in the Nordic Countries.“

slys í fyrri,“ segir hann, en slys eru talin alvarleg ef sá sem í þeim lendir þarf á læknishjálp að halda í meira en einn dag. Hér á landi segir

Jóhann að slys hafi orðið flest árið 2008, en þá voru skráð prettán slík. „2009 eru fjórir, 2010 er einn og tveir árið 2011.“ olíkr@frettabladid.is



UMFERÐARMÍÐSTÖÐIN Ákveðið var að halda áfram að vinna að þróun samgöngumíðstöðvar á BSÍ-reitnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjálfstæðismenn vildu kanna fleiri kosti en BSÍ: Engin úttekt gerð á öðrum möguleikum

SKIPULAGSMÁL Borgarráð samþykkti fyrir helgi að halda áfram vinnu við að þróa samgöngumíðstöð á Umferðarmiðstöðvarreitnum, þar sem BSÍ er til húsa.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu þessarar tillögu, en þeir vilja að ráðist verði í ítarlega þarfagreiningu og athugun á því hver er ákjósanlegasti staðurinn fyrir miðstöð almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þeir lögðu fram tillögu þess efnis á fundi borgarráðs, en hún var felld. Sjálfstæðismenn vildu að bornir yrðu saman ólíkir staðir, svo sem

Kringlan, Mjóddin og BSÍ, áður en ákvörðun væri tekin um uppbyggingu miðstöðvar.

Engin úttekt af þessu tagi hefur farið fram í ferlinu, að sögn Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. „Það er því ljóst að meirihluti borgarráðs tekur umrædda ákvörðun um framtíðarstaðsetningu aðalskiptistöðvar almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu á veikum forsendum og án þess að faglegt mat liggi fyrir um kosti og galla ólíkra leiða,“ segir í bókun sjálfstæðismanna.

- þeb



Vinur við veginn

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið

Einfalt, öruggt og þægilegt!



Púsund dagar frá gíslatöku: Átta evrópskir gíslar enn á lífi

FRAKKLAND Al-Kaída í N-Afríku segir átta evrópska gísla í þeirra haldi vera enn á lífi. Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að í fyrra-dag voru liðnir þúsund dagar frá því að fyrstu gíslunum var rænt í Nígeríu.

Alls eru gíslarnir átta og fimm þeirra eru sagðir frá Frakklandi. Ekki er vitað um þjóðerni hinna. Francois Hollande, forseti Frakklands, sagði í apríl síðastliðnum að lausnargjald yrði ekki greitt fyrir gíslana. - hva

Fjórir frumkvöðlar vinna að nýstárlegri hugmynd í ferðapjónustu á Helliðshöfðinu:

Ferð fyrir einn í rússíbana niður Kambana

FERÐAPIJÓNUSTA Fyrirhugað er að koma upp eins manns sleðarennibraut í Kömbunum á Helliðshöfðinu og byggja upp ferðapjónustu í kringum skemmtitækið.

Það er hópur sem kallar sig Zalibuna sem stendur að verkefninu. Zalibuna er eitt tíu teyma sem taka þátt í frumkvöðlaverkefninu Startup Reykjavík 2013 sem hófst í vikunni sem leið.

Fyrirmyndin að sleðarennibrautinni er sótt til Evrópu. „Planið er að setja upp eins konar rússíbana.

Það er búið að setja upp 35 brautir í ellefu löndum. Þetta er mikið í Austurríki á skíðabrautum og þá notað á sumrin,“ segir Sindri Rafn Sindrason, hjá Zalibunu.

Sindri segir hugmyndina hafa kviknað í verkfræðiafanga við Háskóla Íslands. Ásamt honum vinna samnemendur hans að verkefninu, Davíð Örn Símonarson, Skúli Sigurðsson og Dóra Björk Þrándardóttir.

„Í Austurríki fer fólk upp í kláfum eða skíðalyftum en við

verðum með transit-bíla þegar fólk kemur niður sem ferjar það upp aftur.“

En hvenær verður fyrsta ferðin farin? „Bjartsýnismarkmið er næsta vor, og það gerist einungis ef allt gengur upp hvað varðar leyfisveitingu og fjármagn. Raunhæft markmið er hins vegar að fyrsta ferðin verði farin vorið 2015.“

- ne

RÚSSÍBANI Hugmyndin á sér fyrirmynd í Austurríki þar sem sleðarennibrautir eru algengar.



PANDABJÖRN Pandabirnir eru í mikilli útrýmingarhættu.

Fyrsta fæðingin á þessu ári: Pandabjörn ól tvíbura í Kína

PEKING, AP Risapandabjörn í suðvesturhluta Kína eignaðist tvíbura á laugardaginn. Að sögn starfsmanna dýramiðstöðvar í Sichuan-héraðinu eru þetta fyrstu afkvæmi pandabjarna sem fæðast á þessu ári.

Pandan, sem heitir Haizi, eignaðist tvo húna með tíu mínútna millibili. Risapandabirnir eiga erfitt með að eignast afkvæmi og eru birnurnar aðeins frjóar í tvo til þrjú daga á ári.

Pandabirnir eru í mikilli útrýmingarhættu. Þeir eru um 1.600 talsins úti í villtri náttúrunni. Rúmlega þrjú hundruð eru í vernduðu umhverfi, þar á meðal dýragörðum, aðallega í Kína. -fb



HÆTTUSVÆÐI Mikil flóð hafa gengið yfir héraðinu Alberta í Kanada. MYND/AP

Mikil flóð í borginni Calgary: Þrjár fórust í flóðum í Kanada

CANADA, AP Að minnsta kosti þrjár fórust í miklum flóðum sem gengu yfir kanadíska borgina Calgary. Þúsundir þurftu að yfirgefa heimili sín í héraðinu Alberta en sumir sneru aftur í gær þar sem vatnshæðin var tekin að minnka.

Um 75 þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín úr yfir 24 hverfum í Calgary. Mörg heimili fóru illa í flóðunum. „Það eru engin fordæmi fyrir þessu,“ sagði tveggja barna faðir um ástand mála. „Það er erfitt að geta ekki boðið börnunum sínum upp á heimili. Við lifum þetta af en þetta kallar á mikinn óstöðugleika fyrir börnin.“ -fb

SIEMENS



Ariel fljótandi þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélunum.

Ný Siemens þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

www.sminor.is

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++ . Nýhönnuð tromla („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og **hljóðláta** („antiVibration Design“).

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Kynningarverð:
124.900 kr. stgr.

Þvottavél, WM 14Q370SN



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Annmærkar á rannsókn kynferðisbrota:

Vönduð rannsókn forsenda trausts

Í síðustu viku var sagt frá tveimur málum, þar sem rannsókn lögreglu í kynferðisbrotamálum var ábótavant. Annars vegar gagnrýndi Hæstiréttur rannsókn lög-reglu í máli þar sem tveir menn voru sýknaðir af að hafa nauðgað ungru stúlku, en Héraðsdómur hafði áður sakfellt þá. Sýknudómurinn var fyrst og fremst byggður á mati á framburði þolandans, en meirihluti Hæstaréttar átalði jafnframt að lög-reglunni hefði láðst að kalla til vitni, ekki kallað eftir upptökum úr öryggismyndavélum í tæka tíð áður en myndefninu var fargað og ekki kallað eftir gögnum um símanotkun vitnis í málinu.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Jón H.B. Snorrason aðstoðar-lögreglustjóri brást við Hæsta-réttardómnum í viðtali við Pressuna og viðurkenndi að lög-reglumenn hefðu lagt rangt mat á ýmis atriði í málinu, þótt það hefði ekki skipt sköpum um að sýknudómur var kveðinn upp.

Þá sagði Fréttablaðið frá því á föstudag að karlmaður, sem vann á einu af frístundaheimilum Reykjavíkurborgar fyrir grunnskólabörn, hefði verið ákærður fyrir að hafa fjölda mynda af barnaníði í fórum sínum.

Maðurinn varð fyrir árás í júlí í fyrrasumar og árásarmennirnir voru dæmir í fangelsi í fyrrihaust. Þeir báru því meðal annars við að maðurinn væri barnaníðingur. Lögreglan lagði þá hald á tölvu hans til að rannsaka hana, en maðurinn var ekki handtekinn fyrr en í desember, eftir að myndirnar fundust. Þá var hann nýlega snúinn aftur til starfa á frístundaheimilinu að loknu veikindaleyfi sem hann fékk eftir árásina.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lög-reglunnar, sagði í Fréttablaðinu að vegna álags í tölvurannsóknar-deild lögreglunnar hefði tölvu ekki verið skoðuð fyrr en svo löngu síðar; þetta hefði ekki verið forgangsverkefni.

Reiðibylgjan sem reis í upphafi árs, eftir að uppvíst varð um umfangsmikil brot Karls Vignis Þorsteinssonar gegn mörgum börnum á löngum tíma, er enn ekki hnigin. Í kjölfar hennar kom mikil vitundarvakning um kynferðisbrot og þolandur, sem lengi höfðu borið harm sinn í hljóði, gáfu sig loksins fram og sögðu frá brotunum.

Það er afskaplega mikilvægt að almenningur hafi traust á réttargæzlukerfinu, nú þegar alvarleiki kynferðisbrota hefur loks verið viðurkenndur. Eðli málsins samkvæmt er sönnunarbyrðin í þessum málum oft erfið, þar sem ekki eru aðrir til frásagnar um brotin en þolandi og gerandi.

Annars vegar þarf lögreglan að vanda til rannsókna þessara mála eins og frekast er unnt og velta við hverjum steini. Í áður-nefndu nauðgunarmáli fórst það augljóslega fyrir.

Hins vegar þarf að tryggja lögreglunni fjármuni og mannskap til að sinna þeim mikla fjölda kynferðisbrotamála, sem hún glímir nú við og tryggja að þau fái vandaða rannsókn. Það gengur að sjálfsögðu ekki að tölva manns, sem er grunaður um kynferðis-brot, sé rannsökuð hálfu ári eftir að lögreglan gerði hana upptæka.

Það hlýtur að vera forgangsmál hjá nýrri ríkisstjórn og nýjum innanríkisráðherra að búa lögreglunni þau starfsskilyrði að hún geti rannsakað þessi andstyggilegu brot eins fljótt og rækilega og hægt er. Það er ein forsenda þess að almenningur treysti kerfinu í þessum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MARKÞJÁLFUN VILJI, VIT OG VISSA

Fyrir einstaklinga sem og metnaðarfulla stjórnendur!



JPV ÚTGÁFA



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Góð spurning

Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram fyrirspurn á þingi um kostnaðinn við það að fjölga ráðherrum um tvo. Hann vill upplýsingar um launakostnað ráðherranna tveggja, aðstoðarmanna þeirra, ritara, bílstjóra, ráðgjafa og viðbótarstarfsmanna, viðbótarferðakostnað, húsnæðiskostnað og ýmislegt fleira. Þetta er góð og gild fyrirspurn hjá Steingrími. Ríkisstjórn hans hafði jú lagt mikið á sig til að hagræða í ríkisrekstrinum með sameiningu ráðuneyta, sem nú hefur verið hrist mjög upp í.



Fyrir fjórum árum

En reyndar bregður svo við að ríkisstjórn Steingríms og Jóhönnu Sigurðardóttir var tímabundið með tíu ráðherra í upphafi, þegar hann fór sjálfur með ráðuneyti fjármála, sjávarútvegs og landbúnaðar og Óssur Skarphéðinsson bæði með iðnaðar- og utanríkisráðuneytið. Þeim var svo fjölgað í tólf eftir kosningarnar 2009. Steingrímur hlýtur þess vegna að eiga þessa útreikninga einhvers staðar í glósubókunum – svona sirka að minnsta kosti.



Stefnuleysi?

Páll Valur Björnsson, nýr þingmaður Bjartrar framtíðar, kemur með ferska vinda inn á Alþingi. Fyrir helgi lagði hann fram hressandi fyrirspurn til menntamálaráðherra. Hún hljómar svona: „Hver er stefna ráðherra í málefnum Fisktækniskóla Íslands?“ Er nema von að menn spyrji. Illugi Gunnarsson hefur verið ráðherra málaflokksins í heilan mánuð og halda mætti að hann hefði enga stefnu mótað sér í málinu. Það getur þó varla staðist.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Forgangsröðun í utanríkismálum

UTANRÍKISMÁL



Baldur Þórhallsson prófessor í stjórn-málafræði við Háskóla Íslands

Tvær áleitnar spurningar vakna þegar utanríkisstefna nýrrar ríkisstjórnar er metin. Hver er forgangsröðunin? Hver mótast stefnuna?

Mest áhersla er lögð á þátttöku í mál-efnum norðurslóða í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar ef undan er skilið það hlé sem gert er á aðildarviðræðunum við ESB. Þar fyrir utan er lögð áhersla á að kanna möguleika á auknum útflutningi til fjarlæggra heimshluta, styrkja tengsl við þessi svæði og gera fleiri fríverslunarsamninga.

Það er orðum aukði að Ísland geti orðið leiðandi afl á norðurslóðum og ekki er fyrirjáanlegt að útflutningur færist frá mörkuðum Evrópu til Asíu á næstu áratugum, hvað þá á þessu kjörtímabili. Í dag fara yfir 80 prósent vöruútflutnings til ríkja á innri markaði ESB. Það vekur því sérstaka athygli að ekki er minnst einu orði á mikilvægi þess markaðar og þeirra tækifæra sem þar er að finna. En þekkt er að hagkvæmast er fyrir fyrir-tæki í litlum ríkjum að sérhæfa sig í útflutningi til þekktra markaðssvæða þar sem þau hafa þegar starfsemi.

Þess er einnig saknað í stefnuyfirlýsingunni að ekki er kveðið einu orði á um það hvernig auka megi áhrif okkar innan EES og Schengen. Við munum því

→ Í dag fer yfir 80 prósent vöruút-flutnings til ríkja á innri markaði ESB. Það vekur því sérstaka athygli að ekki er minnst einu orði á mikilvægi þess markaðar og þeirra tækifæra sem þar er að finna.

að óbreyttu halda áfram að taka gagn-rýnislaust upp reglur ESB.

Seinni spurningin lýtur að því hvort ríkisstjórnin sé þegar orðin stefnulaust rekald í höndunum á forseta Íslands. Þá ályktun er ekki hægt að draga. Það er hins vegar augljós samhljómur með utanríkisstefnu stjórnarinnar og þeirri utanríkisstefnu sem forsetinn hefur rekið um nokkurt skeið. Það er líklega kostur, að minnsta kosti fyrir erlenda aðila, að nú tala ríkisstjórnin og forsetinn einum rómi.

Stefnuyfirlýsingin í utanríkismálum er nokkuð almennt orðuð. Það má gagn-rýna en á sama tíma gefur það nýjum utanríkisráðherra tækifæri til eigin for-gangsröðunar. Forgangsröðun er einkar mikilvæg fyrir lítil ríki sem hafa úr minna að mæta en stór ríki. Það verður fróðlegt að sjá hvaða braut utanríkisráð-herrann mun feta.

Við grátmúrinn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Fyrir tveimur árum var hér á ferð einn af þessum forvitnu, góðviljuðu og skynugu erlendu blaðamönnum sem hafa verið tíðir gestir á Íslandi eftir Hrun. Sam Knight heitir hann og skrifar fyrir enska tímaritið Prospect. Hann hafði áhuga á kvótakerfinu, var nokkuð hrifinn af því, en vildi kynna sér allar hliðar málsins eins og tíðkast meðal raunverulegra blaðamanna á raunverulegum fjölmiðlum. Meðal annars fór hann á fund Friðriks J. Arngrímssonar sem blaðamanninum þótti hafa margt til síns máls þegar kom að rökum fyrir hagkvæmni íslenska kvótakerfisins. En svo barst talið að samfélagslegri ábyrgð útvegsmanna. Knight skrifar í grein sinni, sem birtist árið 2011:

„Angistinn virðist tilheyra öllum á Íslandi um þessar mundir, ekki aðeins þeim sem finnst þeir hafa orðið undir í lífinu eða lent á vonarvöl að ósekju vegna hrunsins. Undir lok samtalsins spurði ég Friðrik hvort hann héldi að sjávarútvegsfyrirtækin hefðu skyldum að gegna við að hjálpa til við endurreisn þjóðarinnar. „Það höfum við svo sannarlega,“ sagði hann. En svo þagnaði hann og sagði trúnaðarfullur: „Ég veit ekki hversu mikið þú hefur heyrt af þessu, umræðunni. Í augum sumra stjórnálmanna eru við eins og ...“ Friðrik leitaði að rétta orðinu. „Okkur er kennt um allt.“

„Maffian?“ stakk ég upp á. „Það má kannski nota það orð,“ svaraði hann. „Þetta er samt frekar eins og Gyðingarnir í landi sem við þekkjum fyrir 60 árum síðan. Þetta er ótrúlegt.“

Ótrúlegt? Að sumir Íslenskir stjórnálmenn hafi sömu viðhorf til Íslenskra útgerðarmanna og nasistar höfðu til Gyðinga í Þýskalandi? Vilji myrða þá? Útrýma þeim? Að til hafi staðið að koma upp þrælkunar- og útrýmingarþúðum og senda alla útgerðarmenn landsins þangað eftir að eigur þeirra hafi verið gerðar upptækar? Að umræður um að útgerðarmenn greiði til samfélagsins svolitla rentu af þeirri auðlind sem lög segja vera í þjóðareigu, séu sambærilegar við þá orðræðu sem nasistar viðhöfðu um Gyðinga?

Ótrúlegt? Það má kannski nota það orð.

„Okkur er kennt um allt“

Ummæli Friðriks J. Arngrímssonar í þessu viðtali fyrir tveimur árum eru vissulega til vitnis um þann þjóðarlöst að líta á það sem einhvers konar vígstöðu í lífsbaráttunni að vera ofsóttur, og hyllast menn þá til að útmála ofsóknirnar á hendur sér sem átakanlegast. Það þekkjum við. Þetta er viss tegund af Íslenskum frekjakúltúr. En þessi ummæli eru eiginlega handan við hefðbundna íslenska kveinstafi. Þau sýna mann sem hefur ekki tilfinningu fyrir því hvað er við hæfi að segja við þokkalega upplýsta Evrópubúa og hvað ekki – heimaríkan heimalning, sem virðist ekki þekkja vel til sögu Evrópu. En fyrst og fremst sýna þessi ummæli stóruandlega sjálfsmynd íslenskra útgerðarmanna.

Það er sérlega eftirtektarvert hvernig Friðrik hraðar sér í

hlutskipti fórnarlambins þegar hann er spurður um ábyrgð. Það er eins og hann kunni ekki aðra orðræðu. Hann tekur undir að Íslenskir útgerðarmenn hafi samfélagslegum skyldum að gegna við þjóðfélagið, en í stað þess að útlista í hverju þær kunni að vera fólgnar leiða hugrenningartengslin hann óðara út í að að líkja kvótageifum Íslands við örlög Gyðinga í Þýskalandi nasismans. Hann notar ekki tækifærið hér til að segja eitthvað jákvætt, uppbyggilegt, sameinandi, ábyrgðarfullt. Hann er fullur tortryggni – nei: hann er fullur ofsóknaróra. Hann gefur til kynna að ef þeir láti svo mikið sem tommu eftir þá sé þeim búin glötun og gasklefar.

Það sorglega við þetta allt saman er að Íslendingar eru upp til hópa stoltir af sjávarútvegi sínum; þeir líta upp til íslensku sjómanna sem er hugsanlega sú stétt hér á landi sem mestar almennrar virðingar nýtur. Íslendingar vilja upp til hópa að útgerðin gangi vel, sjómenn hafi miklar tekjur, gróði sé í greininni, sjávarþorpin dafni og vel sé gengið um auðlindina. Flestir Íslendingar tengjast sjónum á einn eða annan hátt, hafa verið sjálfir til sjós eða eiga nána ættingja sem hann hafa stundað.

Brjótum þennan múr!

Útgerðarmenn þurfa að fara að gera sér grein fyrir því að þeir eru ekki Ísraelsmenn, lítill og harðsnúinn hópur sem býr við stöðugt umsátursástand þeirra sem vilja þá feiga. Slíkt viðhorf er einungis vitnisburður um einhvers konar allsherjar hópsefjun meðal þeirra sem komin er handan velsæmismarka. Þeir verða að fara að koma til byggða í hugmyndum sínum. Þeir eru

Pað sorglega við þetta allt saman er að Íslendingar eru upp til hópa stoltir af sjávarútvegi sínum; þeir líta upp til íslensku sjómanna sem er hugsanlega sú stétt hér á landi sem mestar almennrar virðingar nýtur.

partur af okkur hinum og við erum partur af þeim. Því fyrr sem þeir gera sér grein fyrir þessu því betra fyrir okkur öll – líka þá.

Þeir verða þá að byrja á því að rífa þann grátmúr sem þeir hafa hlaðið kringum sig, allt frá því að fyrirrennari Friðriks J. Arngrímssonar hóf að ganga við sinn grátstaf í fjölmiðlum, eins og við munum öll sem komin erum á miðjan aldur. Þeir eiga að vera jákvæðir. Menn sem eiga svona mikið af skipum og fiskveiðiheimildum og Range-Roverum og húsum eiga að bera sig vel, vera glaðir og kátir, öðrum og sér til ununar. Þeir eiga að hætta þessu þvaðri um mjólkurkaffidrykkju og miðbæinn í Reykjavík. Þeir eiga að skila okkur aftur Morgunblaðinu og hætta að fjármagna þetta furðulega röfl sem Reykjavíkurbreftin eru að verða. Þeir eiga að tala við okkur og hætta að grenja. Og þeir eiga söma síns vegna að hætta að líkja sér við ofsóttasta fólk veraldar fyrir það eitt að vera beðnir um að borga sanngjarnan hluta gróðans í sameiginlega sjóði.

Gróði er góður. En græðgi er vond.

AF NETINU

Stenst ekki

Stundum er ekki allt í lagi í Bandaríkjunum.

Nú á að ákæra mann fyrir njósnir – en hann kom upp um eitthverjar umfangsmestu njósnir allra tíma.

Í augum umheimsins er Edward Snowden hetja og Bandaríkin munu aðeins skaða álit sitt með því að ofsækja hann.

Hann er maðurinn sem ljóstrar upp um samfélag sem er gegnsýrt af eftirliti, þar sem er fylgst með hverri athöfn manns, orðum – og kannski einhvern tíma hugsun.

Það skal ekki fangelsa þá sem hlera síma og internet – heldur þann sem segir frá hlerunum. Það stenst náttúrulega enga skoðun.

eyjan.pressan.is/silfuregils

Egill Helgason

Forsendubrestur allra

Margir urðu fyrir miklu tjóni í hruninu. Sumir misstu allt sitt, sumir vinnu og aðrir eignir. Aldraðir og öryrkjar töpuðu miklu. Sömuleiðis námsmenn og skuldarar hárra húsnæðislána. Allt má kalla þetta forsendubrest, ef menn vilja. Engir 300 milljarðar af almannafé finnst til að leiðrétta tjón bara eins hópsins. Samt trúðu skuldarar íbúðalána, að það væri hægt. Framsókn lofaði meira gullregni en sem nemur öllum samanlögðum loforðum pólitíkusa frá upphafi fullveldis. Hafa má kosningarnar til marks um pólitíska heimsku fjölmargra og ósvífni vinsælasta bófans í pólitíkinni um þessar mundir.

<http://www.jonas.is>

Jónas Kristjánsson

Vinsælasti bíll heims á enn betra verði FORD FOCUS TREND EDITION



Ford Focus, söluhæsti bíll í heimi árið 2012, er nú fánlegur í nýrri útfærslu. 16" álfelgur eru undir bílnum og sérstakt Trend Edition áklæði á sætum. Loftkæling, öflug aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og blátannarbúnaður eru einnig til staðar. Til viðbótar hefur verið hugað að fjölmörgum praktískum atriðum, svo sem sjálfvirkri dimmingu á baksýnisspeglum og sniðugri hurðavörn. Komdu og reynsluaktu vinsælasta bíl heims.

FORD FOCUS TREND EDITION

5 DYRA FRÁ
3.390.000 KR.

STATION FRÁ
3.540.000 KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýr og notaðir bílar. Söluheildir eru opnar alla vika daga kl. 9-17

MERKISATBURÐIR

79 Títus tekur við sem Rómarmeisari eftir lát Vespasíanusar.

1000 Kristni er lögtekin á Alþingi.

1618 Morðbréfamálið: Jón Ólafsson lögréttumaður kærir Guðbrand Porláksson biskup fyrir eftirlitsmönnum konungs.

Kvæðabókin heim í Vigur

Verkefnið Handritin alla leið heim gengur vel.

Bragi Valdimar Skúlason textasmiður fóstrar handritið Kvæðabók úr Vigur, pappírshandrit frá 17. öld, og opnar sýningu í Vigur í Ísafjarðardjúpi á morgun klukkan 15. Við það tækifæri afhendir hann, ásamt fræðara sínum Margréti Eggertsdóttur, heimamönnum nákvæma eftirgerð Hersteins Brynjólfssonar af handritinu við hátíðlega athöfn þar sem handritið verður kynnt.

Sýningin er haldin í samvinnu við heimamenn í Vigur með stuðningi Byggðasafns Vestfjarða, Menningarráðs Vestfjarða og embættis Jóns Sigurðssonar. Hönnuðir sýningarinnar eru Finnur Arnar Arnarson myndlistarmaður og Sigrún Sigvaldadóttir, grafískur hönnuður.

Í ár eru 350 ár liðin frá fæðingu Árna Magnússonar og mun þess verða minnst með margvíslegum hætti allt árið. Handritin alla leið heim er eitt af verkefnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á



afmælisárinu. Eftirgerðir Hersteins Brynjólfssonar af sex handritum verða sýndar á sex stöðum vítt og breitt um Ísland, sem næst þeim stöðum sem Árni fékk þau. Nokkrir þjóðþekktir einstaklingar tóku að sér að fóstora handrit; þeir heimsóttu Árnastofnun og handritafræðingar kynntu þeim handritin, útlit þeirra og sögu og efnid sem þau hafa að geyma. Fóstora fer svo heim í hérað með eftirlíkinguna og afhendir heimamönnum við hátíðlega athöfn þar sem boðið verður upp á dagskrá með kynningu á handritinu og sögu þess.

Á HEIMASLÓÐUM Bragi Valdimar er ættaður úr Hnífsdal og verður því á heimaslóðum með Kvæðabók úr Vigur á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MÍDALDA-STEMNING
Voces Thules flytja miðaldatónlist í Þingvallakirkju annað kvöld.

Draumkvæði, vikivakar og Þorlákstíðir

Tónlistarhátíðin Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju heldur áfram annað kvöld.

Miðaldasönghópurinn Voces Thules kemur fram á þriðju tónleikum tónlistarhátíðarinnar „Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju“ annað kvöld klukkan 20. Á dagskránni verða meðal annars söngvar úr Þorlákstíðum, Draumkvæði úr Sturlungu, Vikivakar og heiðnir söngvar.

Ókeypis aðgangur er að

tónleikum í Þingvallakirkju en frjáls framlög við kirkjudyr. Tónleikagestir eru beðnir um að leggja bílum sínum við Flosagjá og ganga til kirkju.

Daginn eftir halda þeir félagar til Haarlem í Hollandi og koma fram á alþjóðlegu tónlistarhátíðinni Koorbiënnale og flytja þar efnir úr tónlistararfi Íslendinga.

SPILAÐ OPINBERLEGA

Í 50 ÁR Gísli fagnar tímamótunum með að minnsta kosti þrennum tónleikum á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Auðvelt að tjá tilfinningar á blokkflautuna

Gísli Helgason blokkflautuleikari fagnar fimmtíu ára samfelldum tónlistarferli með þrennum tónleikum á næstu vikum. Hann segir blokkflautuna ekki hafa þótt merkilegt hljóðfæri þegar hann var að byrja, en hann hafi alltaf kunnað best við hana.

Ég byrjaði að læra á blokkflautu hjá Oddgeiri Kristjánssyni árið 1962, þegar ég var tíu ára,“ segir Gísli Helgason um upphaf flautuleiksins. „Ég held það hafi svo verið á sjömannadaginn 1963 sem ég kom fyrst fram sem blokkflautuleikari og þá með tvíburabróður mínum, Arnþóri, á sjömannadagsskemmtun í Eyjum.“

Gísli var við nám í Blindraskólanum í Reykjavík á veturna og sótti söngtíma í Miðbæjarskólanum þar sem Jón G. Þórarinnsson kenndi. „Hann var mjög öflugur og fékk okkur krakkana til að gera hitt og þetta eins og að koma fram á skólaskemmtunum. Honum þótti ekki mjög mikið til blokkflautunnar koma og ákvað að það væri líklega best fyrir mig að læra á klarinett. Það var safnað fyrir klarinetti handa mér og ég spilaði á það í nokkur ár, en einhvern veginn náði ég ekki alveg sambandi við það. Ég spilaði á það til fimmtán eða sextán ára aldurs en var alltaf með blokkflautuna meðfram og ákvað síðan að halda mig bara við hana.“

Gísli segist ekki geta útskýrt hvers vegna hann kaus blokkflautuna fram yfir önnur hljóðfæri en þykir líklegasta skýringin vera sú að hann hafi átt auðveldara með að tjá tilfinningar sínar á hana. „Ég hafði heyrt að menn spiluðu ekki beint á blokkflautu heldur syngju miklu fremur og ég gat túlkað mjög mikið á hana.“ Hann fann þó enn fyrir því að blokkflautan þætti ekki nógu merkilegt hljóðfæri og ákvað að

skipta um. „Þegar ég fór í menntaskóla fannst mér að ég þyrfti að ná eitthvað lengra í flautuleik. Foreldrar mínir höfðu gefið mér þverflautu sem ég var mjög ánægður með og ég hafði samband við Sigursvein D. Kristinsson, skólastjóra og stofnanda Tónskólans, og spurðist fyrir um skólavist. Ég gat ekki lesið nótur vegna sjóndepru og Sigursveinn svaraði því til að ég ætti þá enga framtíð fyrir mér sem flautuleikari og gaf mig upp á bátinn. Þetta tók ég mjög nærri mér og það fældi mig frá því að spila í nokkur ár.“

Fælingin varð þó ekki til frambúðar, sem betur fer, og strax á menntaskólaárunum var Gísli farinn að spila í tríói með Arnþóri bróður sínum og öðrum manni til. „Upp úr tvítugu sneri ég mér svo aftur alfarið að blokkflautunni og hef haldið mig við hana síðan.“

Tónlistarferill Gísla hefur verið nánast óslitinn síðan og hljómsveitirnar sem hann hefur leikið með eru orðnar margar. Má þar nefna Hálf í hvoru, Islandica, Visionaries og fleiri. Engin þeirra hljómsveita mun þó leika með honum á tónleikumum sem hann hyggst halda til að fagna hálfra aldar tónlistarferli. „Ég hef af og til verið að vinna með Tómasi Tómassyni bassaleikara og Ásgeir Óskarsson trommu-leikari hefur leikið á flestum mínum plötum þannig að það varð ofan á að hljómsveitin Bítladrengirnir blíðu í stríðu, sem þeir Tómas og Ásgeir skipa ásamt Magnúsi R. Einarssyni og

„Það var safnað fyrir klarinetti handa mér og ég spilaði á það í nokkur ár, en einhvern veginn náði ég ekki alveg sambandi við það.“

Eðvarði Lárussyni, myndi verða með mér á afmælistónleikumum. Þetta verða þrennir tónleikar og kannski fleiri. Þeir fyrstu verða á Café Rosenberg 27. júní, aðrir á Græna hattinum á Akureyri 29. júní og svo förum við til Eyja og höldum tónleika í Alþýðuhúsinu 7. júlí. Við fáum ungan hljómborðsleikara sem heitir Hlynur Þór Agnarsson í lið með okkur og söngvarinn verður enginn annar en Ólafur Þórarinnsson, betur þekktur sem Labbi í Mánum. Á tónleikumum í Eyjum eru svo allar líkur á að Bjartmar Guðlaugsson, jafnaldri minn úr Eyjum, sláist í hópinn.“

Hvað stendur upp úr eftir fimmtíu ára feril? „Ég held að starfið með Islandicu og Hálf í hvoru standi upp úr. Auðvitað eru líka margar minningar bundnar við það þegar við bræður vorum að spila saman og eins gerði ég dálítið af því að spila á sjúkrahúsum landsins, sem er eftirminnilegt. Við Herdís kona mín höfum líka spilað mikið saman. Reyndar finnst mér flestallt skemmtilegt sem ég hef gert í tónlist og ég hef alltaf unnið með góðu fólki, sem skiptir auðvitað mestu máli.“

fridrikab@frettabladid.is



Elskuleg mamma okkar,
Guðrún Þórðardóttir Skowronski

lést á heimili sínu að Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 21. júní.

Henry Val Skowronski
Karol Ann Skowronski
Agnes Sigurveig Skowronski
Tekla Guðrún Skowronski
Jane Skowronski



PETTA GERÐIST 24. JÚNÍ 1956

Hræðslubandalagið býður fram

Pennan dag árið 1956 bauð Hræðslubandalagið svokallaða fram til alþingiskosninga en það var kosningabandalag sem Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur gerðu með sér. Flokkarnir freistuðu þess að nýta kjördæmaskipanina til að ná meirihluta þingmanna án þess að hafa meirihluta kjósenda á bak við sig.

Það mistókst þó því bandalagið fékk 33,9% atkvæða og 25 þingmenn af 52. Í kosningunum árið 1953 fengu flokkarnir samanlagt 37,5% atkvæða og 22 þingmenn.

Samvinna flokkanna fólst í því að þeir buðu ekki fram hvor gegn öðrum. Framsóknarflokkurinn bauð því ekki fram í þeim kjördæmum þar sem Alþýðuflokkurinn var sterkur og öflugt. Flokksmenn voru hvattir til að

kjósa samstarfsflokkinn í þeim kjördæmum þar sem þeirra eigin flokkur bauð ekki fram.

Þótt flokkarnir vildu kalla samstarfið bandalag umbóta var augljóst að þeir náðu saman af hræðslunni einni enda vildu þeir báðir koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Flokkarnir mynduðu meirihluta með Alþýðubandalaginu undir forystu Hannibals Valdimarssonar.



HANNIBAL VALDIMARSSON

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LEIKFÖNG FRÁ LIÐINNI ÖLD

Í Friðbjarnarhúsi á Akureyri er fallegt leikfangasafn sem Guðbjörg Ringsted rekur. Fyrir þá sem eru á ferðinni á Norðurlandi er upplagt að kíkja inn í þetta fallega hús og skoða leikföng frá liðinni öld. Opíð er frá kl. 13-17. Hægt er að skoða nánar á Facebook-síðu safnsins.



Glæsilegir gæða sólbekkir frá Ítalíu



JARN&GLER

Járn og gler hf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 5858900 - www.jarngler.is

MARKMIÐIÐ AÐ ALLIR HEYRI VEL

HEYRN KYNNIR Símaklemma+ og smáhljóðnemi frá ReSound er mikil framfærsla fyrir heyrnarskert fólk og auðveldar lífið við alls konar dagleg störf.

Fyrirtækið Heyrn hefur um nokkurn tíma boðið viðskiptavinum upp á þrúðlausan aukabúnað með heyrnartækjum frá ReSound sem nefnast Símaklemma+ og smáhljóðnemi. Klemman virkar þannig að ef notandinn smellir á hana þegar hann talar í síma færast hljóðið úr símanum í heyrnartækið. Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur og framkvæmdastjóri Heyrnar, segir tækin mikla framfærsla fyrir heyrnarskert fólk. „Ef viðkomandi aðili svarar í síma í miklum hávaða getur hann til dæmis lækkað eða slökkt á heyrnartækinu sjálfu og um leið heyrt vel í símanum. Þannig flytur Símaklemma+ hljóðið kristaltært beint í heyrnartækið og hægt er að njóta símtalsins betur. Símaklemma+ er í raun viðbót við heyrnartækið sem er þá alltaf tengt við símann. Ef viðkomandi á snjallsíma getur hann hlaðið niður smáforriti (appi) og stjórnað heyrnartækinu með því.“ Auk þess er hægt að streyma tónlist beint í heyrnartækið með smáhljóðnemanum, til dæmis úr síma eða öðrum hljóðtækjum. Símaklemma+ er einföld í notkun að sögn Ellisifjar. „Lögð er áhersla á að allar aðgerðir virki með einum smelli. Notandinn festir bara símaklemmuna á sig og hefur símann í vasanum eða handtöskunni.“

Einnig má nota símaklemmuna eins og handfrjálstan síma. Þannig er einfalt að tala í símann í bílnum eða á ferðinni. Síminn getur þá verið í vasanum eða handtöskunni. „Þegar ekki er verið að tala í símann má síðan nota símaklemmuna sem einfalda fjarstýringu fyrir heyrnartækin. Nemendur hafa einnig nýtt smáhljóðnema frá ReSound í kennslustundum og fyrirlesturum. Þá er hljóðnemin settur á kennarann og allt sem hann segir heyrst skýrt beint inn í heyrnartækið. Erilsamur bekkur er því ekki að trufla hljóðið.“

Í júní býður Heyrn upp á fría heyrnar-



MIKIL FRAMFÖR

Símaklemma+ er mikil framfærsla fyrir heyrnarskert fólk að sögn Ellisifjar Katrínar Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Heyrnar.
MYND/STEFÁN

greiningu og ráðgjöf, auk þess sem hægt er að fá símaklemmuna og smáhljóðnemann lánað til prufu. Þannig fæst líka besta upplifunin að sögn Ellisifjar. **Nánari upplýsingar má finna á www.heyrn.is.**

EINFALT Í NOTKUN

Símaklemma+ og heyrnartæki frá ReSound.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Reverie®

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!

Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri




Listhúsið - Reykjavík

Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu

REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
Verð nú kr. 499.900.-

REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
Verð kr. 399.900.-




FYRSTI ÞÁTTUR

Í KVÖLD KL. 20:50

NASHVILLE

Splunkunýr þáttur um tvær söngkonur – önnur stefnir hraðbyri á stjörnuhimininn en hin man fífil sinn fegurri. Frábærir þættir sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda. Hayden Panettierre og Connie Britton þykja frábærar í aðalhlutverkunum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stud2.is





SAFN AF LYKTUM

INNANHÚSHÖNNUN Elín Rós Elíasdóttir, nýútskrifaður innanhúshönnuður, hannaði rými fyllt lykt sem útskriftarverkefni sitt.

Elín Rós Elíasdóttir lauk nýverið B.A.-námi í innanhúshönnun við Middlesex University í London. Hún segir námið síðastliðin þrjú ár hafa verið áhugavert og skemmtilegt. „Ég hef fengið að taka þátt í samkeppnum og sýningum og unnið í samstarfi við hönnuði.“ Skólaverkefni hafa verið af ýmsu tagi, allt frá hefðbundnu íbúðahúsnæði til framtíðarsýnar á ónýttum bensínstöðvum. „Svleiðis verkefni kann ég vel að meta, þau sem lúta að framtíðinni og sjálfbærni í hönnun og arkitektúr. Það er mikilvægt að vera inni í þeim málum, ekki bara sem hönnuður heldur sem manneskja á jörðinni,“ segir Elín.

Útskriftarverkefni Elínar var safn af nokkuð frumlegum toga. „Það fjallar um lykt og áhrifa hennar á heilann og þá aðallega lykt eins og líkamsferómón,“ útskýrir Elín. „Ég hannaði rými sem er safn af mismunandi lykt og fólki er boðið að koma og upplifa. Tilgangur safnsins er að reyna finna út hvort nota megí áhrifin til lækninga, til dæmis á þunglyndi og öðrum andlega tengdum sjúkdómum.“

Undirbúningur verkefnisins var langt ferli, eða rúmir fimm mánuði. Hugmyndin kviknaði í samræðum við kærastann hennar og frænda hans. „Við ræddum um óvenjulegustu söfn sem við höfðum komið á og þá kom þessi hugmynd um að gera safn af lykt. Í kjölfarið fylgdi svo gríðarleg rannsóknarvinna og úr varð sem varð,“ segir Elín.

Í sumar ætlar hún að slaka á og njóta veðurbliðunnar í London með kærasta sínum, Braga Árnasyni leikara. „Við ætlum að ferðast, grilla og keyra um í enskri sveit. Daginn eftir að ég útskrifast fer ég í ferðalag til Írlands og þaðan held ég áfram til Indlands þar sem við Bragi hittumst og heimsækjum styrktarbarnið okkar. Svo endum við ferðalagið í Taílandi með móðurfjölskyldunni minni sem þar býr.“

Sumarið er því þétt skipað hjá Elínu en haustið er hins vegar alveg óráðið. „Mér finnst það dálítið spennandi, að vita ekki alltaf hvað maður er að fara gera næst! Ég er með nokkur járn í eldinum svo það kemur bara allt í ljós,“ segir Elín brosandi.

■ halla@365.is

FERÐAST Í SUMAR

Í sumar ætlar Elín Rós að ferðast með kærastanum sínum, Braga, um sveitir Englands, til Írlands, Indlands og Taílands, þar sem móðurfjölskylda hennar býr.

SINDRASTÓLLINN AFTUR KOMINN Í FRAMLEIÐSLU

Sólóhúsgögn leita nú að tveggja sæta sófa úr Sindralínunni eftir Ásgeir Einarsson til mælinga en framleiðsla er hafin á ný á húsgögnunum.

Sólóhúsgögn hafa í samvinnu við GÁ húsgögn hafið framleiðslu á Sindrastólunum eftir Ásgeir Einarsson á nýjan leik. Sindrastóllinn hannaði Ásgeir, ásamt sófa, skemli og borðstofustól, og setti á markað árið 1962.

Framleiðsla á línunni var síðar hætt en árið 2012, í tilefni þess að fimmtíu ár voru liðin frá því Sindralínan var hönnuð, voru framleidd fimmtíu sérnúmeruð eintök af hægindastólunum hjá Sólóhúsgögnum og GÁ húsgögnum.


Almenn framleiðsla er nú þegar hafin á hægindastólunum og skemli úr línunni en Sólóhúsgögn hafa óskað eftir tveggja sæta Sindrasófum til láns, til uppmælingar svo hægt verði að framleiða sófa einnig. Fáir sófar voru framleiddir á sínum tíma og ekki hefur enn tekist að hafa uppi á einum slíkum.

Sindralínan var klædd íslenskri ullargæru og verður áfram í nýrri framleiðslu. Viðskiptavinir geta valið gæru á sinn stól.

■ heida@365.is



SINDRASTÓLLINN
Almenn framleiðsla er hafin á ný á Sindrastólunum sem hannaður var árið 1962 af Ásgeiri Einarssyni.
MYND/SÓLÓHÚSGÖGN



*Vissir þú að...
Ófberðisfullir tölvuleikir
hafa áhrif á börn.*

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggtur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggtur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggtur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggtur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariúson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Hörgshlíð 2, sérinngangur vesturenda
Opið hús þriðjudaginn 25. júní kl. 12:30 - 13:00



3ja - 4ra herb. íbúð með stæði
í bílajakallara, 104,3 fm, verð 32,5 m
Björt og falleg íbúð með sérgarði.
Sjón er sögu ríkari.

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir



Auður Kristinsdóttir
löggtur, fasteignasali

Fallegt raðhús í Kópavogi

Fasteignamarkaðurinn ehf.:
Fallegt og vel skipulagt 203,9
fermetra endaraðhús á þremur
hæðum, auk 28,0 fermetra
bílskúrs á frábærum stað í
suðurlíðum Kópavogs.

Aðalhæðin er 72,3 fm. Gengið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Gestasalerni með glugga, flísalagt í gólf og vegg. Forstofuherbergi, parketlagt og með fataskápum. Holið er flísalagt og með fataskápum.

Parketlagt eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum, flísar á milli skápa. Borðaðstaða er í eldhúsi. Samliggjandi stofur eru parketlagðar, bjartar og rúmgóðar með fallegu útsýni.

Efri hæðin er 65,8 fm. Gengið er upp teppalagðan steiptan stiga. Þrjú parketlögð barnaherbergi, öll með fataskápum. Flísalagt, rúmgott hjónaherbergi með fataskápum. Útgengi á svalir til suðurs úr hjónaherbergi og mjög fallegt útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og út á sjóinn.



Fallegt endaraðhús í suðurlíðum Kópavogs er til sölu hjá Fasteignamarkaðnum.

Baðherbergi, flísalagt í gólf og vegg.

Kjallari, 65,8 fm. Gengið niður parketlagðan steiptan stiga en geymsla er þar undir. Rúmgott þvottaherbergi með innréttingu, flísalagt í gólf og hluta veggja. Gufubað í góðu ástandi og tvær geymslur. Þá er rúmgóð sjónvarpsstofa, flísalögð og með útgengi á hellulagða afgirta verönd til suðurs.

Gróðurhús í garði.

Aðkoma að bílskúr er neðan við húsið um malbikaða innkeyrslu með bílastæðum.

Bílskúrinn er með rafmagni, rafmótor á bílskúrshurð og hita. Gólf nýlakkad.

Húsið er í góðu ástandi.

Nánari upplýsingar hjá Fasteignamarkaðnum, sími 570 4500.

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA
820 8081
Sylvía G. Walthersdóttir
sylvia@remax.is
RE/MAX ALPHA
SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
löggtur, fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
löggtur, fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
löggtur, fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

Boðþáping - 55 ára og eldri



Vandað 34 íbúða fjölbylishús á 5 hæðum fyrir 55 ára og eldri. Flestar íbúðir með stæði í bílskúli. Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkunarheimili og þjónustumiðstöð aldraða.
Opið hús á morgun frá kl. 17:30 - 18:00.



Sundlaugavegur - 6 herbergja hæð
Mjög rúmgóð og vel skipulögð um 131 fm hæð, fjögur svefnherb. og tvær stofur. Tölvvert endurnýjuð eign, m.a. eldhús og parketi. Hús nýlega viðgert.
V. 34,9 m.



Hólbraut - 4ra herb.
Góð og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbylishúsi í Hafnarfirði. Stutt í barna- og leikskóla ásamt verslun og þjónustu. V. 18,0 m Áhvf 14,5 m.



Melbær - Makaskipti.
Fallegt 280 fm endaraðhús á þremur hæðum. Kjallari og tvær hæðir ásamt fristandandi bílskúr. Mikilið endurbætt að innan og möguleiki á aukabúð í kjallara. Fallegur garður með sólpalli. - Skipti á minni eign möguleg.



Reynimelur 88 - glæsileg 4ra.
Glæsileg um 95 fm 4ra herbergja endabúð á efstu hæð. Búð er að endurnýja íbúðina mikið og er hún björt og falleg. Frábært útsýni af stórum hornsvölum. Verð 31,5 milljónir. Opið hús þriðjud. 25/6 frá kl. 17:30 - 18:00.



Lómasalir - Endaraðhús.
Stórglæsilegt um 220 fm endaraðhús með bílskúr. Sérlega vel hannað fjölskylduhús með fimm góðum svefnherbergjum. Allur frágangur er til fyrirmyndar. Sérsmíðaðar innréttingar og vönduð gólfefni. Glæsileg fullbúin lóð með afgirtum ca 100 fm sólpalli. V. 62,9 m



Fensalir - 2ja herb.
Vönduð 77 fm íbúð á jarðhæð með stórum 35 fm afgirtum sólpalli. Góðar innréttingar og gólfefni og flísalagt þvottahús innan íbúðar. Laus til afhendingar. Áhvf 19,4 m



Klapparhlíð 9 - 2ja herb.
Góð 67fm íbúð á 2.hæð. Eignin skiptist í flísalagt anddyri. Rúmgott hjónaherbergi með góðum skápum. Flísalagt baðherbergi, innaf því er þvottahús. Björt stofa og eldhús með góðri innréttingu. Opið hús 24. júní kl. 19:00 - 19:30 V. 19,9m



Skráðu í sölu - Góð sala
Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem skilar góðum árangri. Traust örug þjónusta í áratug á sanngjörnu verði. Hringdu núna og skráðu í sölu hjá okkur.



Jón Guðmundsson
Söluaflokkur
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Guðmundur H. Steinþórsson
Lögg. fasteignasali
gs@fastmark.is



Páll Þórólfsson
Söluaflokkur
pall@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2JA HERBERGJA



BRÆDRABORGARSTÍGUR- RVK.

- 80,7 fm. 2ja – 3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
- Tvennar svalir, til suðausturs og norðvesturs.
- Samliggjandi borð – og setustofa. Eitt svefnherbergi.
- Laus til afhendingar við kaupsamning. **25,4 millj.**

3JA HERBERGJA



KRÍUÁS- HAFNARFIRÐI.

- Falleg og vel skipulögð 95,1 fermetra endaíbúð á jarðhæð.
- Sér inngangur. Góð staðsetning innst í götu við opið svæði.
- Stofa með útgengi á verönd til suðurs. 2 rúmgóð herbergi.
- Viðhaldslítið að utan. Stutt í skóla og leiksk. **27,9 millj.**

4RA- 6 HERBERGJA



SUNDLAUGAVEGUR - MEÐ BÍLSKÚR.

- Glæsileg 101,7 fermetra íbúð á efri hæð með suðursvölum.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum
- Samliggjandi stofur með útgengi á suðursvalir. 2 herbergi.
- 21,6 fm. bílskúr. Sér bílastæði er á lóð **35,9 millj.**

SÉRBÝLI



ÆGISGRUND- GARÐABÆ.

- 224,0 fm. einbýli á þremur pólum að meðt. 54,4 fm. bílskúr.
- Í dag nýtt sem tvær íbúðir, en auðvelt að breyta aftur í eina.
- Stór og skjólgóð viðarverönd til suðurs með heitum potti.
- Frábær staðs. Stutt í skóla og þjónustu. **45,0 millj.**



JÖRFABAKKI- REYKJAVÍK.

- 69,0 fm. íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli í neðra Breiðholti.
- Stofa og borðstofa með útgengi á svalir.
- Þvottaherbergi inn af eldhúsi.
- Ytra byrði húss er gott og í góðu viðhaldi. **15,7 millj.**



BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Rúmgóð stofa. 2 herbergi. Þvottaherberg. innan íbúðar.
- Opið eldhús. Sjávarútsýni af svölum. **37,9 millj.**



HÁTEIGSVEGUR, RVK. NEÐRI SÉRH.

- 5 herbergja 122,5 fm. neðri sérhæð auk 32,0 fm. bílskúrs.
- Samliggjandi skiptanlegar stofur. 3 herbergi.
- Svalir út af stofu og einu herbergi.
- Nýlegt parket er á íbúðinni. **44,9 millj.**



ÞJÓRSÁRGATA- REYKJAVÍK.

- 112,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
- Mikið endurnýjuð húseign.
- 439,5 fm. eignarlóð.
- Mögulegt að byggja bílskúr á lóðinni. **52,9 millj.**



NJÁLSGATA.

- Falleg 37,2 fm. ósamþykkt íbúð í kjallara.
- Sérinngangur. Laus til afhendingar nú þegar.
- Á baklóð er sér 2,6 fermetra geymsla.
- Hús að utan í góðu ástandi og sameign líka. **13,5 millj.**



SKÚLAGATA- 55 ÁRA OG ELDRI. LAUS

- 101,1 fm. 3ja-4ra herb. íbúð á 3. hæð. Stæði í bilageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpshol. 2 svefnherb.
- Flísalagðar yfirbyggðar svalir.
- Hús nýviðgert að utan og málað. **33,5 millj.**



BOGAHLÍÐ – RVK. 4-5 HERBERGJA.

- 126,2 fm. íbúð á jarðhæð, geymsla, bílastæði í bilageymslu.
- Vandaðar innréttingar og gólfefni.
- Opið eldhús, rúmgóð setustofa, 2 svefnherbergi.
- Sér hellulögð verönd í suðvestur. **48,5 millj.**



GRJÓTAGATA- REYKJAVÍK.

- Stórglæsilegt einbýlishús í Grjótagarpinu.
- Leyfi fyrir gistiheimilisrekstri. Allt innbú til rekstarins fylgir.
- Húsið var allt endurbyggt í upprunalegum stíl árið 1999. **69,9 millj.**



RAUÐAVAÐ – REYKJAVÍK.

- Vönduð 91,3 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinngangur auk sér stæðis í bilageymslu.
- Sér hellulögð verönd til suðurs.
- Eikarinnréttingar og þvottah. innan íbúðar. **23,9 millj.**



NORÐURBRÚ – SJÁLANDI GARÐABÆ.

- Falleg 95,0 fm. íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi, sér geymsla.
- Útsýnis nýtur af svölum til sjávar og að ylistróndinni.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. Tvö góð herbergi.
- Sér stæði í bilageymslu. **29,9 millj.**



EFSTASUND- RVK. 4RA HERBERGJA.

- Mikið endurnýjuð 85,1 fm. íbúð á jarðhæð.
- Sérinngangur. 35,0 fm. bílskúr.
- Endurnýjuð gólfefni, baðherbergi, raflagnir o.fl.
- Skjólslæð lóð. Verönd til suðurs á baklóð **29,7 millj.**



MÝRARÁS – REYKJAVÍK

- Fallegt 255,7 fm. einbýlishús í Seláshverfi, 46,5 fm. bílskúr
- Byggt var við suðvesturhlíð hússins fyrir nokkrum árum
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Stofur með arni. 5 herbergi.
- Ofan á þaki viðbyggingar er útsýnisverönd. **77,0 millj.**



BRÆDRATUNGA

Bræðratunga- Kópavogi.

- Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,9 fm endaraðhús á þremur hæðum auk 28,0 fm. bílskúrs á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Sjónvarpsstofa með útgengi á hellulagða afgirta verönd til suðurs. 5 herbergi.
- Útgengi á svalir til suðurs úr hjónaherbergi og mjög fallegt útsýni að Reykjanesi, Bláfljólum og út á sjóinn. Gufubað. Gróðurhús á baklóð. **Verð 45,0 millj.**



Langalína 7 – Sjálandi Garðabæ. 3ja herbergja.

- Vönduð 115,5 fm. íbúð á 3. hæð í vel staðsettu fjölbýlishúsi í Sjálandinu. Sér stæði í bilageymslu og sér þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðinni var mikið breytt frá upphaflegri teikningu byggingaraðila og er mun meira í hana lagt, t.d. er næturlýsing í gólfum og veggjum, loft tekin niður að hluta og með innfelldri lýsingu, eldhús var stækkað og bætt við innréttingum og tækjum, sérhannaðar ýmsar innréttingar o.fl. **Verð 38,9 millj. Íbúðin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, merkt 0301-bjalla 08.**

SÉRBÝLI



HVANNALUNDUR – GARÐABÆ.

- Glæsilegt 206 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum bílskúr.
- Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanföllum árum.
- Samliggjandi stofur með útgengi í sólskála. 4-5 herbergi.
- Falleg ræktuð lóð með veröndum og skjólveggjum.

56,9 millj.



SIGURHÆÐ- GARÐABÆ.

- Fallegt og vandað 292,0 fm einbýli að meðt. 44,0 fm. bílskúr.
- 840 fm. skjólgóð lóð með afgirtri verönd og heitum potti.
- Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Arinn í stofum. 5 herbergi.
- Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla.

84,9 millj.



VÍÐIGRUNÐ – KÓPAVOGI.

- Nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm. einbýlishús á frábærum stað.
- Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi.
- Stór og björt stofa. Þrjú herbergi.
- Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs.

50,0 millj

Eignin verður til sýnis á þriðjudag frá kl. 17.30-18.00. Verið velkomin.



NÖNNUSTÍGUR – HAFNARFIRÐI.

- Mjög glæsilegt 143,7 fm. tvílyft einbýlishús
- Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum.
- Frábær staðsetning í gamla bænum í Hafnarfirði.
- Góðar verandir, sér bílastæði og matjurtgarður.

39,9 millj.



Kambasel 7 - Reykjavík.

Mjög gott 5 herbergja 188,9 fm. raðhús á tveimur hæðum í Breiðholti. Þar af er 20,8 fm. sambyggður bílskúr. Eldhús hefur verið endurnýjað og stækkað auk þess sem baðherbergi á neðri hæð er nýlega endurnýjað. Stofa með aukinni lofthæð. Arinstofa með útgengi á svalir til austurs. 4 herbergi. Húsið er í góðu ásigkomulagi að innan og utan og hefur alla tíð fengið gott viðhald. Steypt innkeyrsla og stéttar fyrir framan húsið með snjóbræðslu. Lóð hússins er að öðru leyti falleg og ræktuð. **Verð 40,9 millj.**

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.30-18.00. Verið velkomin.

4RA- 6 HERBERGJA



STANGARHOLT - REYKJAVÍK. 5 HERBERGJA ÍBÚÐ

- 5 herbergja 123,6 fm. íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Reykjavík.
- Íbúðinni fylgir 20,4 fm. bílskúr og sér geymsla í kjallara.
- Íbúðin er vel innrétuð. Allar innréttingar eru úr beyki.
- Flíslagðar svalir út af stofum til suðvesturs.

39,9 millj.



ESPIGERÐI – GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ.

- Mikið endurnýjuð 133,4 fm. útsýnisíbúð á tveimur hæðum.
- Bjartar stofur. 2-3 herbergi. Endurnýjað eldhús.
- Tvennar svalir til austurs og vestur. Gríðarleg útsýni.
- Sameign endurnýjuð. Húsvörður.

37,9 millj.



SOGAVEGUR-REYKJAVÍK. EFRI SÉRHÆÐ

- 122,9 fm 3ja – 4ra herbergja efri sérhæð auk bílskúrs.
- Afar vel innrétuð eign. Sérsmíðaðar innréttingar.
- Samliggjandi stofur. 2 herbergi. 2 baðherbergi.
- Extra háar innihurðir. Halogenlýsing. Eikarparket og flísar.

46,9 millj.



SKÚLAGATA, REYKJAVÍK. 4RA HERB. Á EFSTU HÆÐ.

- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð.
- Sér bílastæðis í upphitaðri bílageymslu.
- Samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa. 2 herbergi.
- Austursvalir. Húsið er allt nýendurnýjað að utan.

49,9 millj.

Eikjuvogur – byggingarlóð.

722,0 fm. byggingarlóð við Eikjuvog.

Teikningar eru til af 375,1 fm. einbýlishúsi á lóðinni að meðtöldri 55,2 fm. bílageymslu. Teikningar samþykktar af Reykjavíkurborg. Gjöld eru ógreidd.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

SUMARBÚSTAÐIR



SUMARHÚS Á ÞINGVÖLLUM, VIÐ HESTVÍK.

Glæsilega staðsett 60,1 fm. sumarhús í Grafningi, við Hestvíkina, auk tveggja geymslna, 3,8 og 3,9 fermetra og 18,4 fermetra bátaskýlis niður við vatnið, neðst í lóðinni. Sumarhúsið stendur á afar fallegri og gróinni 6.400 fm. útsýnislóð á frábærum stað við vatnið. Bátur með utanborðsmótor fylgir bústaðnum. Húsið er mikið upprunalegt en hefur alla tíð verið mjög vel viðhaldið og er í nokkuð góðu ástandi. Lóðin er kjarri vaxin og staðsetning hússins er afar góð.

30,0 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



MÖRKIN – REYKJAVÍK. VERSL.- OG IÐNAÐARHÚSN.

Mikið endurnýjað 1167,8 fermetra verslunar- og iðnaðarhúsnæði í á frábærum stað með miklu auglýsingargildi, góðri aðkomu og fjölda bílastæða. Nýj gólfefni og nýmálúð. Verslunarhæðin er 314,0 fm. og kjallari er 854,0 fm. lager með tvennum innkeyrsludryum og rúmlega 4 metra lofthæð. Húsið að utan er í góðu ásigkomulagi. Fjöldi bílastæða. Mögulegt er að fá keyptan lager á kostnaðarverði, sem og rekstur sem í eigninni er í dag.



LÓNSBRAUT – HAFNARFIRÐI.

- 175,0 fm iðnaðarhúsnæði.
- Stór salur með góðri lýsingu og innkeyrsludryum.
- Afhending getur verið fljótlega.
- Vel staðsett á hafnarvæðinu í Hafnarfirði.

24,0 millj.

LANGALÍNA 33-35



Langalína 33-35 – Sjálandi Garðabæ.

NÝJAR 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í nýju og glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 109 fm. upp í 151 fm. og afhendast fullbúnar án gólfefna, en baðherbergi og þvottaherbergi skilast flíslögð. Eikarinnréttingar í eldhúsi og vönduð tæki. Sér stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Lyfta er í húsinu, sem gengur niður í bílageymslu. Frábær staðsetning í fallegu umhverfi við sjávarsiðuna. Fallegar gönguleiðir eru í hverfinu. **Upplýsingar veittar á skrifstofu.**



Sverrir Kristinnson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali

Guðmundur Sigurjónsson, lögg. fasteignasali

Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali

Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali

Magnús Geir Pálsson, sölumaður

Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali

Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali

Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali

Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir, ritari

Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Guðrún Magna Arnadóttir, ritari

DALHÚS

- EINSTÖK STAÐSETNING



OPÍÐ HÚS þriðjudag

Glæsilegt og frábærlega staðsett 231,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum sem hefur verið endurnýjað á fallegan máta. Garður er glæsilegur m. veröndum og heitum potti. Eignin er staðsett innst í botnlangagötu við grænt svæði þar sem finna má göngustíga, skíðalyftu o.fl. Þá er einnig mjög stutt í skóla, sundlaug og Íþróttasvæði Fjölins. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 25.júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 69,5 m. 2898**

REYNIMELUR 82

- FRÁBÆR STAÐSETNING



OPÍÐ HÚS mánudag

Björt og falleg 3ja herbergja ca 74 fm íbúð á 1. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Rúmgóð stofa með góðum svölum til suðurs. Nýlegir gluggar og gler að mestu, þak endurnýjað, nýlegt baðherbergi og parket á gólfum. Frábær staðsetning. **Eignin verður sýnd mánudaginn 24.júní milli kl. 17:30 og kl. 18:00. V. 26,5 m.2907**

BARMAHLÍÐ 15

- SÉINNGANGUR



OPÍÐ HÚS mánudag

